

SKOÐUN Þingmenn Pírata virðast vanmeta eigin þátt í fylgisaukningu, skrifar Sif Sigmarsdóttir. **13**

LÍFIÐ Þöggunarbylting Beauty tips og einstæðar mæður á Íslandi vekja athygli bandarískra fjölmiðla. **26**

SPORT Valsmaðurinn Kristinn Freyr Sigurðsson sló nafna sínum við og var bestur í fyrri umferðinni. **22**

54 FYRIR AF ÖLLUM PIZZUM

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Föstudagur
17. júlí 2015
166. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

LÍFIÐ

Ferskir vindar leika um íslenskt grín

Stöllurnar Júlíana Sara Gunnarsdóttir og Vala Kristín Eiríksdóttir hafa slegið rækilega í gegn með grínþáttunum Þær tvær á Stöð 2. Þær segja Lífinu frá því hvaðan þær fá hugmyndirnar, stóra tækifærinu og nýjum og ólíkum hlutverkum tvíeykisins.

FRÉTTIR

Kallað eftir klósettum

„Þetta er alveg hræðilegt sums staðar. Það verður bara að setja upp klósett og láta borga fyrir það,“ segir Kári Jónasson, stjórnarmaður í Félagi leiðsögumanna. **4**

Sama fargjald fyrir alla Íslensk flugfélög rukka ekki fólk, sem þarf tvö flugsæti, fyrir aukasætið. **2**

Vilja burt og til baka Íslensk ungmenni vilja flytja til útlanda en mörg þeirra sjá einnig fyrir sér að koma aftur til baka. **6**

2 SÉRBLÖÐ Lífið | Fólk

FÖSTUDAGSVIÐTALIÐ

Við getum búið þröngt

Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra bjóst aldrei við að fara á þing. Hún ræðir búslóðina sem brann, hvernig var að alast upp með einstæðri, kornungri móður, að vera ráðherra á leigumarkaði og að það sé ekkert skrítið að hún sé ósammála Bjarna Ben. **Síða 6**

63,3%

FBL

28,5%

MBL

YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

Höfuðborgarsvæðið, meðalbestur á tölublað 12–80 ára. Prentmiðlakönnun Gallup, jan.–mar. 2015

Allt sem þú þarft ...

Bæjarstjóri Kópavogs sendi Landsbankanum boð um lóð í Glaðheimum:

Byggi höfuðstöðvar í Kópavogi

KÓPAVOGUR Bæjarstjóri Kópavogs, Ármann Kr. Ólafsson, hefur sent bankastjóra Landsbankans bréf þess efnis að bankinn sé velkominn með höfuðstöðvar sínar í bæinn. Landsbankinn hefur tilkynnt að byggja eigi höfuðstöðvar við Austurhöfn í Reykjavík.

„Ég benti Landsbankanum á að við eigum talsvert land á besta stað á höfuðborgarsvæðinu, það er að segja á Glaðheimasvæðinu, rétt hjá Smáralind,“ segir Ármann bæjarstjóri.

Jafnframt segist Ármann hafa bent á hve miðsvæðis lóðin sé á höfuðborgarsvæðinu og að það myndi henta bankanum vel.

„Um leið bauð ég að bærinn myndi aðstoða bankann við frek-

KRISTJÁN KRISTJÁNSSON

ari rýnivinnu, eins og til dæmis varðandi ferðatíma starfsmanna til og frá vinnu.“

Aðspurður hvort Kópavogs-bær bjóði Landsbankanum afslátt af lóðaverði í ljósi þess að flutningur höfuðstöðvanna myndi færa bænum umtalsverðar tekjur segir Ármann ekki talað um verð í bréfinu. „Það er bara verið að bjóða upp á viðræður ef til þess kæmi að Landsbankinn endurskoðaði afstöðu sína.“

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, hafði

Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs

ekki heyrt af bréfinu þegar Fréttablaðið hafði samband við hann.

„Við erum búnin að skoða eiginlega allt höfuðborgarsvæðið og gefa okkur ákveðnar forsendur. Sú lóð sem við höfum valið er sú sem passar best inn í þær forsendur sem við höfum gefið okkur.“ -snæ

VIÐKVÆM HÚÐ?

PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

Neutral

VEÐUR



Norðaustlæg átt, 3-10 m/s, í dag og von á að sólin skíni af og til á Suður- og Vesturlandi, en að mestu skýjað og þurrir annars staðar. Dálftil rigning norðaustan til í kvöld. Hiti 5 til 16 stig, hlýjast suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 16

Fjármálaráðherrar evrusvæðisins hjálpa Grikkjum áður en neyðaraðstoðarsamningur kemst í gagnið:

Grikkland fær þúsund milljarða aukalán

GRIKKLAND Fjármálaráðherrar ríkja evrusvæðisins samþykktu í gær að veita Grikkjum rúmlega þúsund milljarða króna aukalán til að halda ríkinu á floti á meðan unnið er að því að klára nýjan samning um neyðaraðstoð handa Grikkjum. Búið er við því að aðildarríki Evrópusambandsins verði búin að samþykkja lánið í dag.

Aukalánið mun gera Grikkjum kleift að standa við afborganir á lánum frá Seðlabanka Evrópu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á mánuðaginn.

Stjórnarandstöðupingmenn á Grikklandi komu Alexis Tsipras forsætisráðherra til

bjargar í gær þegar kosið var á þinginu um frumvörp sem sneru að innleiðingu samningsins nýja. Alls kusu 38 ríkisstjórnarþingmenn gegn frumvarpinu en með stuðningi stjórnarandstöðu komust frumvörpin í gegn. Með frumvörpunum voru 229 en 64 á móti.

Finnska þingið samþykkti samninginn í gær og þá mun þýska þingið kjósa um hann í dag.

Grískir fjölmiðlar greindu þar að auki frá því í gær að grískir bankar yrðu líkast til opnir aftur á mánudag. Þeir hafa nú verið lokaðir í nærri þrjár vikur. Grikkjum hefur síðustu vikur verið heimilt að taka um 60 evrur, 9.000 krónur, út úr hraðbönkum á dag. Ellilíf



BANKAR OPNAÐIR Grikkir hafa undanfarið ekki getað tekið út nema andvirði nfu þúsund króna á dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

eyrisþegar hafa fengið að taka út tvöfalda þá upphæð vikulega.

- þea



TVÖ RÁN Ræninginn í fyrra ráninu haldi höfuð sitt ekki jafn vel og í gær. MYND/LÖGREGLAN



Lögreglan leitar til almennings eftir tvö rán í Kópavogi: Gruna sama mann um bæði ránin

LÖGREGLUMÁL Manns sem framdi rán í versluninni Samkaup í Hófgerði í Kópavogi í gær er nú leitað af lögreglu.

Að því er kemur fram í tilkynningu lögreglu ógnaði ræninginn starfsfólki með hnífi og hafði síðan á brott með sér einhverja fjármuni. Grunur leikur á að sami maður hafi verið á ferðinni þegar rán var framið í sömu verslun á laugardaginn.

„Hann er um 180 sentimetrar á hæð, ljóshærður, grannvaxinn og var klæddur í gráa hettupeysu, bláar gallabuxur og svarta Nike-skó. Þá haldi hann andlit sitt með svörtum klút. Talið er að maðurinn sé í kringum tvítugt, eða rúmlega það,“ er ræningjannum frá í gær lýst. Þeir sem telja sig hafa upplýsingar um ræningjann eru beðnir um að hafa samband við lögregluna.

- gar

Opnað í fyrsta sinn frá árás: Sumarbúðir í Útey að nýju

NOREGUR Þann 6. ágúst næstkomandi verða opnaðar sumar- búðir ungliðahreyfingar norska Verkamannaflokksins í Útey að nýju. Það staðfestir Mani Hussa- ini, formaður ungliðahreyfingarinnar, við norsku fréttastofuna Verdens Gang.

Sumarbúðirnar verða þá opnaðar í fyrsta sinn frá árás Anders Behring Breivik 22. júlí 2011 þar sem Breivik myrti 68 manns.

Minnisvarði til heiðurs þeim sem féllu var afhjúpaður í Útey í gær. Í hann eru grafin nöfn og aldur fórnarlambanna.

- þea

Minnihlutinn er ósáttur: Borgarstjórinn sagður einleika

SAMGÖNGUR Borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokks gagnrýndu í gær að drög að bréfi borgarstjóra til innanríkisráðherra um lokun flugbrautar 6/24 á Reykjavíkurlugvelli hefðu ekki verið lögð fyrir borgarráð áður en bréfið var sent. „Svarið varðar flugör- yggi, samgöngur við höfuðborg- ina og eru mjög skiptar skoðanir um það eins og alþjóð veit,“ segir í bókun sjálfstæðismanna. Full- trúar meirihlutans sögðu í bréfinu að óskað væri eftir viðræðum við ráðuneytið á grundvelli gagna svokallaðrar Rögnunefndar.

- þea

Feitir borga ekki meira fyrir flugsæti

Íslensk flugfélög rukka fólk sem þarf tvö flugsæti ekki fyrir aukasætið. Margir velja þó sjálfir að kaupa sér tvö sæti. Sálfræðingur segir óeðlilegt að sæti í flugvél- um hafi þrengst og að flugfélögin þurfi að gera ráð fyrir fólki af öllum stærðum.

FERÐALÖG Íslenskir flugfarþeg- ar, sem af einhverjum ástæðum komast ekki fyrir í einu flugsæti, þurfa ekki að búast við því að vera gert að borga fyrir annað sæti við innritun. Í Bandaríkjunum hefur lengi verið uppi umræða um hvað er sanngjarnt í þessum efnum.

Fréttablaðið hafði samband við WOW air, Icelandair og Flugfélag Íslands og leitaði svara við því hvernig brugðist væri við fólki sem ekki væri sniðið í flugvéla- sæti. „Þetta kemur stundum til tals. Þegar þetta gerist er reynt að finna viðkomandi sæti þar sem er laust við hliðina. Þegar vélin er alveg sneisafull þá er fólk sett í gangasæti,“ segir Guðjón Arn- grímsson, upplýsingafulltrúi Ice- landair.

Hann bendir þó á að fleiri en feitt fólk taki mikið pláss í flugvél- um. „Ég sá mynd sem var mjög slá- andi. Þá voru kraftlyftingagaurar að fara út og þeir sátu sitthvorum megin við ganginn. Það var varla hægt að skjóta sér á milli þeirra þar sem þeir nánast snertust.“

Hann segir að þó flugfélagið skikki engan til að borga fyrir tvö sæti séu dæmi þess að fólk velji sjálft að borga fyrir meira pláss. „Ef það er einhver sem veit sjálfur að hann kemst ekki á milli, þá er búið að láta vita og jafnvel kaupa hliðarsæti.“

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýs- ingafulltrúi WOW air, tekur í sama streng. „Við leysum málin með framlengingu á belti. Hingað til hefur þetta alltaf verið leyst far- sællega um borð.“ Aðspurð hvort farþegar flugfélagsins hafi verið beðnir um að borga fyrir annað



PLÁSSLEYSI Fáum þykir þægilegt að ferðast lengi í flugvél. Sérstaklega ekki fólki sem er stórt á alla kanta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

sæti við innritun segir hún að það hafi ekki verið gert hingað til.

Það sama er uppi á teningnum hjá Flugfélagi Íslands. Reynt er að koma því þannig fyrir að fólk sem þarf tvö sæti fái tvö sæti.

Sigrún Daníelsdóttir sálfræðing- ur er í forsvari fyrir Samtök um líkamsvirðingu. Henni þykir óeðli- legt ef farþegum er gert að borga fyrir tvö sæti. „Alveg eins og við framleiðum skó í mismunandi stærðum þurfum við að gera okkur grein fyrir því að fólk kemur í mis- munandi stærðum.“

Hún bendir á að þrátt fyrir að mannkynið hafi breikkað og hækkað hafi flugsæti minnkað í sparnaðarskyni. „Mér finnst mjög eðlilegt að flugfélögin end-



“Í flestum tilvikum, ef það er einhver sem veit sjálfur að hann kemst ekki á milli, þá er búið að láta vita og jafnvel kaupa hliðarsæti.

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair

urskoði þetta þannig að flugvél- arnar séu betur í stakk búnar til að mæta farþegum af ólíkum stærðum.“

snaeros@frettabladid.is

ELDUR & HITI

34.900

Eldstæði

Öflugur gashitari

11 KW

29.900

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Opið laugardaga til kl. 16

Öryggi á Keflavíkurflugvelli fékk falleinkunn hjá ESA, eftirlitsstofnun EFTA: Gervisprengjur komust í gegn

ÖRYGGI Fjöldi gervisprengja komst í gegnum öryggisgæslu Kefla- víkurflugvallar um síðustu mán- adamót. Helmingur starfsfólks öryggisgæslunnar var sendur á námskeið í kjölfarið.

Eftirlitsaðilar á vegum ESA, eftirlitsstofnunar EFTA, og Sam- göngustofu gerðu í síðasta mánuði úttekt á öryggismálum í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Samkvæmt heimildum fréttastofunnar var tuttugu gervi- sprengjum komið fyrir í farangri sem starfsmenn sem gegnumlýsa farangurinn sáu ekki eða greindu ekki stóran hluta af.

„Ef gerðar eru athugasemdir förum við strax í að bæta verk- lag og þjálfun og það sem þarf að gera í takti við athugasemdirnar,“ segir Guðni Sigurðsson, upplýs- ingafulltrúi Isavia.



FARANGUR Um tuttugu gervisprengjur komust í gegnum farangursleit á flugvell- inum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Isavia setti strax á laggirnar fjög- urra manna aðgerðastjórn sem fundað hefur tvisvar á dag og eru

flugverndarfulltrúar Isavia þessa dagana að greina frá úrbótunum hjá ESA í Brussel.

- hmp

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Hjónin Þorleifur og Sjöfn rækta kínakál á garðyrkjustöðinni Gróðri á Flúðum. Það var þó ekki ætlunin að gerast garðyrkjubændur því hjónin eru bæði menntaðir kennarar. Þau segjast samt ekki sjá eftir að hafa farið út í garðyrkju. Starfið sé svo gefandi og þeim leiðist aldrei í vinnunni. Á staðnum vinna 6 manns á veturna en á sumrin allt að 15 manns.

ÍSLENSKA STAÐS SFG 5028 0710 - Lýðmyndir: Harí



SPURNING DAGSINS



Guðmundur, er allt í járnnum?

„Já, þetta er bara stál í stál.“

Guðmundur Ragnarsson er formaður Félags vélstjóra og málmæknimanna. Félagið felldi kjarasamning við SA í gær.

Tilboð í fullnaðarhönnun meðferðarkjarna nýja Landspítalans við Hringbraut voru opnuð í gær:

Bjóða 1,4 milljarða í hönnun 58.500 fermetra

HEILBRIGÐISMÁL Corpus 3 átti lægsta tilboðið í fullnaðarhönnun meðferðarkjarna vegna nýbygginga við Landspítala.

Fyrirtækið bauð tæpa 1,4 milljarða króna. Það er um 51 prósent af áætluðum kostnaði sem hljóðaði upp á rúma 2,7 milljarða. Í tilkynningu frá velferðarráðuneytinu kemur fram að fjögur tilboð bárust og voru öll umtalsvert lægri en kostnaðaráætlunin. Corpus 3 hópurinn samanstendur af VSO verkfræðistofu, VJI verkfræðistofu, Hornsteinum arkitektum

og Basalt arkitektum. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir tilboðin gefa tilefni til bjartsýni og veita framkvæmdum við nýjan Landspítala aukinn byr í seglin.

„Meðferðarkjarninn er ein af fjórum nýbyggingum sem áformað er að reisa við Hringbraut og jafnframt sú stærsta þeirra, eða 58.500 fermetrar. Það munar því miklu í kostnaði að hönnuðir skuli færir um að taka að sér verkið fyrir rúman helming þess fjár sem áætlanir gerðu ráð fyrir,“ segir Kristján Þór í tilkynningu.



MEÐFERÐ-ARKJARNINN Hér má sjá hvernig fyrirhugað er að byggja liti út.

➔ **Peir sem buðu í fullnaðarhönnun meðferðarkjarnans:**

Verkis og TBL	1.563.430.000 krónur
Grænaborg	1.620.593.000 krónur
Corpus 3	1.399.303.400 krónur
Mannvit hf.	1.513.171.040 krónur

Spillingarmál innan FIFA: Framseldur til Bandaríkjanna

SVISS Ónefndur yfirmaður FIFA var í gær framseldur frá Sviss til Bandaríkjanna. Ekki er vitað hver



JEFFREY WEBB

maðurinn er en ljóst er að Jeffrey Webb, fyrrverandi forseti knattspyrnusambands Norður- og Mið-Ameríku, hafði ekki ætlað að berjast gegn framsalskröfu

Bandaríkjanna. Hann er sakaður um víðtæka spillingu og mútuþægni og var einn þeirra sem voru handteknir í aðgerðum lögreglu gegn yfirmönnum FIFA þann 27. maí síðastliðinn.

- srs



UBER Starfsemin hefur verið bönnuð í nokkrum löndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Leigubílaþjónusta í mótbýr:

Uber sektað um milljónir

BANDARÍKIN Eigendur leigubílaforritsins Uber hafa verið sektaðir um 7,3 milljónir Bandaríkjadala fyrir að veita löggjöfum ekki nægar upplýsingar um starfsemi og þjónustu þeirra.

Uber er legið á hálsi fyrir að leyna upplýsingum um ýmsa hluta starfsemi sinnar líkt og hversu mörg slys hafa orðið og hversu marga fatlaða einstaklinga fyrirtækið hefur þjónustað.

Uber stendur víða í ströngu en fyrirtækið hefur misst leyfið í Portland í Oregon og starfsemin hefur til að mynda verið bönnuð í Þýskalandi og á Ítalíu.

- srs

Salernismál í ólestri víða við þjóðveginn

Aðilar ferðaþjónustunnar segja salernisaðstöðu mjög slæma víða um land og að langar raðir séu við salerni. Upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar segir að meiri kraft þurfi að setja í uppbyggingu innviða. Deilt er um hver eigi að borga.

FERÐAÞJÓNUSTA „Klósettímál eru yfirleitt hvergi nokkurs staðar verri en einmitt hér,“ sagði Valur Freyr Jónsson rútbílstjóri sem staddur var við Jökulsárlón í gærmorgun.

Valur sem ekur nú hópi Þjóðverja hringinn sagði um 100 fólksbíla vera við lónið og 15 rútur, en þrjú eða fjögur kvennaklósett, og tvær þvagskálar og einn salernisbás fyrir karla. „Það eru um þrjátíu konur sem bíða í röð,“ sagði hann.

Valur sagði sjaldgæft að við þjóðveginn væru nægjanlega mörg klósett til að taka á móti stórum hópum ferðamanna, sérstaklega á Suðurlandi þar sem fjöldi ferðamanna er hvað mestur.

Við Seljalandsfoss anni salernisaðstaðan engan veginn þeim mikla fjölda sem heimsækir staðinn. „Þar er alla daga alla tíma löng biðröð vegna þess að þar er eitt klósett fyrir fatlaða, annað fyrir karla og þriðja fyrir konur,“ sagði Valur.

„Það er alltaf verið að dásama tekjurnar af ferðamönnum,“ sagði Valur og spurði hvernig það mætti vera að ekki væri hægt að byggja upp sómasamlega salernisaðstöðu fyrir þá fjármuni sem ferðamenn kæmu með til landsins.

Kári Jónasson, stjórnarmaður í Félagi leiðsögumanna og fyrrverandi ritstjóri, segir að eitt-hvað verði að gera til að bæta salernisaðstöðuna við Seljalandsfoss og fleiri staði.

„Útsvarsgreiðendur á Hvolsvelli geta ekki staðið í því að



VIÐ JÖKULSÁRLÓN Langar biðraðir myndast oft við salernin við Jökulsárlón vegna mannmörgðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

setja þetta upp, hið opinbera verður að gera það,“ segir Kári. „Þetta er alveg hræðilegt sums staðar. Það verður bara að setja upp klósett og láta borga fyrir það. Fólk er vant því víða um lönd,“ bætir hann við.

„Það þarf að setja aukinn kraft í uppbyggingu innviða, þar á meðal klósetta,“ segir Skapti Örn Ólafsson, upplýsingafulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar. Ríkisstjórnin lagði 850 milljónir króna til uppbyggingar ferðamannastaða í maí. „Þetta er gott fyrsta skref,“ segir hann.

Skapti Örn segir að áætlað hafi verið að verja þurfi milljarði króna árlega til uppbyg-



Kári Jónasson, leiðsögumaður

ingar ferðamannastaða.

„Það kann að vera að sú tala þurfi jafnvel að hækka því að ferðamönnum hefur fjölgað meira það sem af er þessu ári en undanfarin ár,“ segir Skapti.

ingvar@frettabladid.is



SPRENGING Liðsmenn Íslamska ríkisins réðust á egypska freigátu.

NORDICPHOTOS/AFP

Lýsa yfir ábyrgð á árás:

ISIS sprengdi egypskt herskip

EGYPTALAND Íslamska ríkið (ISIS) sprengdi egypska freigátu, sem var á siglingu á Miðjarðarhafi, í loft upp í gær. Liðsmenn ISIS skutu eldflaug að skipinu sem kviknaði í við sprenginguna.

Talsmaður egypska hersins, Mohammed Samir, sagði í gær að enginn hefði látist við sprenginguna.

Íslamska ríkið lýsti opinberlega yfir ábyrgð á árásinni.

Undanfarið hefur Íslamska ríkið kljást við egypska herinn á Sínaískaga og víðar. Í síðustu viku lýsti ISIS yfir ábyrgð sinni á sprengjuárás á ítalska sendiráðið í Kaíró.

- þea

Semja um eigur Íslandsbanka:

Auka sölulíkur til útlendinga

VIÐSKIPTI Glitnir sótti í gær um undanþágu frá gjaldeyrishöftum. Sótt er um þessa undanþágu í samræmi við stöðugleikaskilyrði sem stjórnvöld kynntu í vor vegna afnáms hafta.

Þá hafa Íslandsbanki og Glitnir undirritað rammasamkomulag um samstarf svo að slitameðferð Glitnis nái fram að ganga. Með samkomulaginu er Íslandsbanki gerður seljanlegri fyrir útlendinga. Í samkomulaginu kemur fram að sala á hlutafé Íslandsbanka til íslenskra fjárfesta verði takmörkuð.

- jhh

Nýjar myndir af yfirborði Plútós og Karons kallar á ný og frumleg örnefni:

Spock, Vader og Tardis á Karon

VÍSINDI Nú þegar geimfarið New Horizon hefur nálgast Plútó og sent frá sér nýjar myndir sem sýna hvernig landslag á Plútó er hefur Alþjóðlega geimvísindasambandið (IAU) óskað eftir tillögum frá almenningi um örnefni á Plútó og tungli þess Karon.

Nöfnin sem óskað er eftir fyrir Plútó eru afar hefðbundin en þar munu fjöll og dalir koma til með að heita eftir vísindamönnum, geimförum og goðsagnaverum.

Hvað tunglið Karon varðar fær ist ögn meira fjör yfir nafngiftina, en sambandið hefur óskað eftir að örnefni á Karon vísi til skáldsagnapersóna, skáldaðra staða og geimfara úr vísindaskáldsögum.

Nokkrar tillögur eru þegar komnar til athugunar en þar má meðal annars nefna persónur úr Star Trek og Stjórnustríði á borð



SVARTHÖFÐI Eitt kennileitið á Karon gæti verið nefnt eftir þorparanum úr Stjórnustríðsmyndunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

við Spock, Kirk, Uhura, Skywalker og Vader. Þá eru nokkrar tillögur úr sjónvarpsþáttunum Dr. Who á borð við Tardis og Gallifrey en nú þegar hafa vísindamenn byr-

að að kalla suðurpól Karons Mor-dor, sem einmitt birtist á myndum sem kolsvartur blettur líkt og ríki myrkraherrans í Hringadróttins sögu.

- srs

ÞJÓÐHÁTIÐ 2015

KOMDU OG UPPLIFÐU ÞJÓÐHÁTIÐ

TUBORG pepsi MAX olis FM957



#SEGRUISÍS

með **olis**

-13kr.

af lítranum í dag

með lykli, Staðgreiðslu-
og Tvennukorti



Fáðu grímu og glaðning þegar
þú verslar á Olís og skráðu þig
í pottinn á **olis.is**

Þú getur unnið Flórída-ferð
með Ícelandair fyrir 4 að
verðmæti **1.000.000 kr.**



olis

Vinur við veginn

Það er enginn einn kassi fyrir alla

Eygló Harðardóttir segir tekist á í pólitík enda fólk fylgið sannfæringu sinni. Hún ræðir Framsóknarflokkinn, stjórnarsamstarfið og eiginmanninn sem hún vissi að elskaði hana þegar hann gaf henni disk með Barbru Streisand. Hún segir Sigmund alltof oft hafa rétt fyrir sér.

Ólöf
Skaftadóttir
olof@frettabladid.is

Viktoría
Hermansdóttir
viktoriah@frettabladid.is



Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra talaði fyrir því í pistli í vikunni að ungt fólk sparaði til þess að geta keypt sér íbúð með því að leggja einkabílnum og minnka símanotkunina. Hugmyndir hennar eru umdeildar og sumir hafa sagt þær einföldun á flóknu máli.

„Ég held að við séum alltof gjörn á það í umræðu um húsnæðismál að búa til kassa. Svo viljum við að allir passi inn í kassann. Það er enginn einn kassi fyrir alla. Það sem ég talaði um í þessum pistli nú í vikunni, það á ekki við um alla. Ég bendi á sjálfa mig sem dæmi um einhvern sem hefur sannarlega ekki farið þessa leið, og er enn í dag í þeirri stöðu að hugsa hvernig ég get farið betur með peningana, hvernig ég get borgað niður skuldir,“ heldur hún áfram.

„Ég er að benda á það að húsnæðissparnaður skiptir máli. Til þess að geta keypt sér húsnæði þarf maður að eiga fé. Þegar við keyptum okkar fyrsta húsnæði tókum við 90% lán. Við áttum nánast ekkert eigið fé. Það þurfti lítið áfall til þess að við stæðum ekki undir afborgunum. Það var reyndar stórt áfall í mínu tilviki, ég missti vinnuna. Maður hugsaði eftir á, kannski átti ég að biða lengur, leggja fyrir. Við erum að búa til leið fyrir fólk til að leggja til hliðar, en við vitum líka að það er fullt af fólki sem er ekki í stöðu til þess. Svo er fullt af fólki sem vill einfaldlega ekki eiga húsnæði.“

Hvað getum við gert sjálf?

„Það sem ég er að benda á er að við þurfum að horfa til þess sem við getum sjálf gert. Ein leiðin er að leggja til hliðar. Ef við erum í aðstöðu til að geta búið heima, eins og ég veit til dæmis að frænka mín náði að gera með sitt barn meðan hún var í námi, hún gat lagt til hliðar það sem hún var að vinna sér inn með skúringum. Annar náinn ættingi, þegar hún keypti sína íbúð ákvað hún að hjóla í vinnuna til þess að spara og borga hraðar niður lánið sitt. Ég held að það sé eitt af því sem við eigum að hafa í huga.

Þegar við tókum við var okkar fyrsta aðgerð í húsnæðismálum að fara í skuldaleiðréttingu. Höfuðstólslækkun á þá sem höfðu tekið á sig högg í hrininu. En hinn hluti skuldaleiðréttingarinnar hefur ekki fengið jafn mikla athygli, séreignarsparnaðarleiðin. Þar þjuggum við til fyrirkomulag þar sem fólk getur greitt hraðar niður skuldir en líka sparað til þess að geta keypt sér húsnæði eða ef það ákveður að gera það ekki, vegna þess að það vill ekki eða er ekki í stöðu til þess, að eiga þá pening til framtíðar,“ útskýrir Eygló, sem leggur áherslu á að fólk sé opið fyrir því að skoða hvaða leiðir eru mögulegar.

Dýrara að leigja en borga af láni

„Við erum að huga að tillögu að nýju félagslegu leiguíbúðakerfi. Við erum að gera grundvallarbreytingar á húsnæðisstuðningi við leigjendur með upptöku á húsnæðisbótum, þar sem við erum að auka stuðninginn og útvíkka hann. Jafna við það sem fólk sem hefur keypt sér húsnæði hefur verið að fá í gegnum vaxtabætur,“ segir Eygló og bendir á að verktakar hafi verið að leita leiða til að breyta íbúðum þannig að þær nýtist betur og um leið lækka fasteignaverð.

„Það hefur verið bent á að það hefur verið dýrara að leigja en að borga afborgun af láni, og það er



GOTT AÐ HAFNAUKAFERMETRA
Eygló hefur búið í 45 fermetra íbúð með alla fjölskylduna og í bílskúr. Hún segir gott að hafa aukafermetrana. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

eitt af því sem við erum að vinna með, að þegar fólk hefur sýnt fram á skilvísar greiðslur skulda sinna, verið alltaf skilvísir leigjendur, af hverju ættu lántakendur ekki að hafa möguleika á að horfa til þess, en ekki bara hvað greiðslumat segir til um eða excel-skjal sem segir hvað þú eigir að geta tekið að láni?“ segir hún.

„Lausnin er að bjóða upp á valkosti. Og við búum til kerfi sem hentar hverju einasta heimili á Íslandi,“ segir Eygló og hefur fulla trú á að henni takist að gjörbreyta húsnæðiskerfinu.

Bruninn mikil lífsreynsla

Húsnæðisfrumvörp Eyglóar hafa ekki náð að ganga í gegn, þó hún stefni að því að leggja þau fram, endurbætt, í haust. Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra sagði yfirlýsingar Eyglóar í tengslum við húsnæðisfrumvörpin undarlegar, þegar hún sagði fjármálaráðuneytið tefja fyrir afgreiðslu þeirra.

„Fjármálaráðuneytið taldi okkur hafa dregið frumvörpin til baka, sem var síðan leiðrétt. Við höfum, ásamt aðilum vinnumarkaðar, verkálýðsfélögum og sveitarfélögum náð saman um ramma, frumvörpin koma aftur í haust og verða afgreidd fyrir áramót. Við Bjarni erum ekkert alltaf sammála, sem er ekkert skritið. Ég er félagsmálaráðherra og vil fá aukna fjármuni í minn málaflokk á meðan verkefni fjármálaráðherra eru að gæta að ríkissjóði. Eðli málsins samkvæmt er hann áhugasamari um að lækka skatta og borga skuldir.“

Sjálf þekkir Eygló lífið á leigumarkaði. „Ég hef fengið að upplifa að vera á leigumarkaði. Það má segja að það hafi verið ákveðin upprifjun fyrir okkur þegar kviknaði í fyrria. Þá þurftum við að leita okkur að húsnæði meðan íbúðin var lagfærð.“

Eygló segir brunann hafa verið mikla lífsreynslu. „Ég var á þingi Norðurlandaráðs í Stokkhólmi og þegar ég kom út af fundi voru 12 ósvöruð símtöl. Mér var tilkynnt að það hefði kviknað í. Það var í lagi með alla fjölskylduna, en um það bil 70 prósent af búslóðinni skemmdust. Í öllu saman vorum við heppin að ljósmyndir og mest af því sem hefur fyrir manni tilfinningalegt gildi var heilt. Maður var svo feginn að það væri í lagi með manninn og börnin,

meira að segja köttinn,“ segir Eygló og bætir við að það sé alltaf hægt að fá nýjan IKEA-sófa. Hún segir þó hægara sagt en gert finna nýja íbúð á leigumarkaði.

„Maður kynntist því hvað markaðurinn er erfiður. Við fórum á rúnt, vinir og ættingjar buðu okkur húsnæði. Við leigðum í einhvern tíma í gegnum Kennarasambandið, því maðurinn minn er kennari. Við vorum í sumarbústað bróður míns í viku, en fengum loks íbúð. Við vorum mjög glöð þegar við komumst svo aftur inn í íbúðina okkar. En vegna þessa ástands erum við að leggja áherslu á að fjölga leiguíbúðum, ná niður leigunni, húsnæðiskostnaði. Svo finnst mér gífurleg ósanngirni gagnvart þeim sem eru á leigumarkaði að húsaleigubætur hafa verið takmarkaðri en það sem við höfum verið að gera fyrir þá sem kaupa.“

Heppin með leigusala

„Ég er heppin með leigusala. Ég vil samt að fólk þurfi ekki segja: Ég er heppin að hafa fundið góðan leigusala, heldur höfum við búið til leigumarkað þar sem fólk getur gengið að ákveðnu öryggi. Það sé spurt: Viltu vera í fjögur eða tíu ár? við undirritum leigusamninga. Það er sjaldgæft í dag. Ég hef líka þá trú að forsenda fyrir öflugum fasteignamarkaði sé góður leigumarkaður, því flestir byrja þar. Aðstæður eru ekki þannig núna að þú getir lagt til hliðar á leigumarkaði.“

Eygló leggur áherslu á fjölbreytnina. „Við leigðum einu sinni litla íbúð, um 45 fermetra. Við höfum líka prófað bílskúr. Við getum búið þröngt, en það er gott að hafa aukafermetra. Það var fyndið þegar við fluttum inn íbúðina núna, sem er mjög rúm, þá vorum við alltaf að hrúgast inn í sama herbergið, við vorum svo von að vera saman. Við erum ólík. Við verðum að hafa mismunandi lausnir fyrir mismunandi heimili. Það höfum við ekki gert hingað til.“

Eignaðist Eygló 16 ára

Eygló er fædd í Reykjavík og ólst upp fyrstu æviárin í Hlíðunum. „Móðir mín var 16 ára þegar hún átti mig og 17 ára þegar hún átti bróður minn. Við vorum heppin að við þrjú gátum búið fyrstu æviárin hjá afa og ömmu í kjallaraíbúð í Hlíðunum. Þannig hafði hún mögu-

Stundum hef ég hugsað: Hvert er hann að fara með þetta eiginlega? En hann les mikið, leggst í hlutina og er ekkert að stíga fram með neitt nema hann pæli vel í því.

leika á því að klára stúdentspróf og fara svo áfram í kennaranám til þess að geta séð fyrir okkur og sjálfri sér,“ segir Eygló, sem á góðar minningar úr æsku. „Fólk hefur sagt við mig að við bróðir minn höfum verið afskaplega óþekk, öflugir krakkar,“ segir hún hlējandi. Eftir flakk um landið flutti fjölskyldan í verkamannablokk í Ferjubakka í Breiðholti. Eygló var í Breiðholtsskóla og hélt því næst í Fjölbrotaskólann í Breiðholti þar sem hún kynntist mannum sínum fyrst. Hún segist hafa vitað að hann elskaði hana þegar hann lét sjá sig inni í geisladiskaverslun að kaupa fyrir hana geisladisk með Barbru Streisand. Sjálfur sé hann hrifnari af þungarokki.

Fjölskyldan flutti til Vestmannaeyja í kringum aldamótin en föðurfjölskylda Eyglóar er þaðan. Þar hófust afskipti hennar af stjórnmálum. „Ég var spurð hvort ég hefði áhuga á því að gefa kost á mér til alþingiskosninga. Ég hugsaði mig um, fannst þetta spennandi, talaði við manninn og hann sagði: Endilega.“

Lærði að hlusta á Sigmund

Af hverju Framsókn? „Það var margt sem höfðaði til mín, áherslan að vinna sé forsenda velferðar. Flokkurinn var í fyrsta sinn með jafnt hlutfall karla og kvenna sem ráðherra og sem leiddu lista. Ég þekkti líka gott fólk þar.“

Eygló kynntist Sigmundi Davíð stuttu fyrir flokksþing 2009. „Hann hringdi í mig, kynnti sig og talaði um að hann hefði verið hvattur til að gefa kost á sér sem formaður. Það var síðan á flokksþingi sem við Sigmundur og Birkir Jón Jónsson vorum kosin í forystu flokksins og fengum þetta verkefni, að hefja endurreisn hans.“ Eygló segir samstarfið hafa gengið vel, en eru þau persónulegir vinir? „Við erum vinir og tölum saman utan þings. Við gerum það flest innan þingflokksins. En ég viðurkenni að þegar tveir einstaklingar

mætast sem hafa mikla sannfæringu getum við stundum tekist á. En það hefur verið mjög gott að vinna með honum.“ Eygló segist hafa lært að hlusta á Sigmund. „Stundum hef ég hugsað: Hvert er hann að fara með þetta eiginlega? En hann les mikið, leggst í hlutina og er ekkert að stíga fram með neitt nema hann pæli vel í því. Hann hefur alltof oft haft rétt fyrir sér,“ segir Eygló og hlær.

Ætlum okkur að gera betur

Í ljósi nýgerðra kjarasamninga hafa öryrkjar og eldri borgarar talað um að þeir verði eftir.

„Við erum að taka risaskref varðandi hækkun bóta. Tæplega tíu milljarðar koma aukalega inn í almannatryggingar á næsta ári. Við ætlum okkur að gera betur. Það er nauðsynlegt. Ég hef talað skýrt fyrir því.“

Verða þetta raunverulegar kjara-bætur? „Ég er sannfærð um það. Við erum með öflugan hagvöxt, lítið atvinnuleysi og lága verðbólgu. Þannig að þessi skref eru að skila sér í raunverulegri kaupmáttaraukningu. Þetta er að mjakast og mikilvægt að fólk viti að við ætlum ekki að hætta. Með því að hafa afgang af ríkissjóði, borga niður skuldir okkar – það þýðir að við höfum meiri fjármuni að setja inn í velferðarkerfi.“

Leiðist að gera alltaf það sama

Gæti Eygló hugsað sér að starfa við annað en stjórnun? „Já. Ég skrifa. Svo finnst mér maturinn sem ég elda ágætur. Ég hef stundum sagt að ég sé of mikill bogmaður. Mér leiðist að vera lengi í sömu verkefnum. Þá að vísu henta stjórnmálin því maður er alltaf í einhverju nýju. Ég sá aldrei fyrir mér að verða þingmaður og datt ekki í hug að ég yrði ráðherra. Og ef einhver myndi segja í dag, þú átt eftir að vera í þessu næstu fimmtíu árin, væri ég farin,“ segir Eygló hlējandi. Hún segist þó gera ráð fyrir að halda út næsta kjörtímabil. „Maður fær líka dóm á það sem maður hefur verið að gera í kosningum. Svo það er eins gott að gera vel.“

visir.is

Ítarlegra og lengra viðtal við Eygló má hlusta á í hlaðvarpinu Föstudagsviðtalið á Vísi.

SKÓLATÖSKU DAGAR

17.-21. JÚLÍ

25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM SKÓLATÖSKUM

IEVA Beckmann og PULSE í miklu úrvali



Allt úrval fæst í Smáralind, Kringlunni og Skeifu, minna úrval í öðrum verslunum. Skólatöskur fást ekki á Eiðistorgi.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Helmingur ungs fólks vill flytja út

Ungmenni sem Fréttablaðið tók tali sáu flest fyrir sér að flytja til útlanda en mörg þeirra sjá einnig fyrir sér að koma aftur til baka. Prófessor í félagsfræði telur ástæðuna ekki endilega þá að fólk langi að flýja á brott heldur gæti verið að alþjóðlegt umhverfi hafi mikil áhrif.

Stefán Rafn Sigurbjörnsson
stefanrafn@frettabladid.is



Langflest íslensk ungmenni vilja búa erlendis í framtíðinni. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn Háskólans á Akureyri.

„Það urðu miklar breytingar eftir hrun,“ segir Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og stjórnandi rannsóknarinnar.

„Við hrunið urðu miklar breytingar. Búsetufyrirætlanir hreyfðust lengi vel ekki mjög mikið en síðan fengum við talsvert öðruvísi niðurstöður eftir hrun. Útþrá unglínganna virtist aukast mikið árið 2011 en við vorum ekki viss hvort þetta væri eitthvert flökt út af hruninu. Svo lögðum við spurningalistann aftur fyrir á þessu ári og þá fór maður að sjá þróun til lengri tíma.“

Þar kemur fram að um fimmtíu prósent krakka vilja búa erlendis í framtíðinni. Árið 2003 og 2007 vildi um þriðjungur krakkanna helst búa erlendis.


„Breytingin er enn meiri þegar spurt er hvar þau telji lík-

legast að þau muni búa í framtíðinni. Árið 2015 eru upp undir 40 prósent sem segja að það sé líklegt að þau muni búa erlendis í framtíðinni samanborið við 18 prósent fyrir hrun.“


Hann segir ungt fólk ferðast miklu meira og hafa meiri tengsl við útlönd.

„Þetta er miklu opnari heimur og unglíngarnir hafa meira sjálfstraust gagnvart umheiminum. Framtíðin veltur ekki á því að koma í veg fyrir að ungt fólk flytjist á brott heldur miklu frekar hvaða tækifæri þau og aðrir hafa á því að flytja til landsins.“


→ Landsbyggðin



→ Höfuðborgarsvæðið



→ Hvar vilja þau búa?*



HVAR VILL UNGA FÓLKID BÚA Í FRAMTÍÐINI?

NATAN KOLBEINSSON, 22 ÁRA STARFSMAÐUR HAMBORGARA-FABRIKKUNNAR

Natan segist sjá fyrir sér að búa áfram á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni en þægilegt sé að hafa þar atvinnu. „Draumurinn er samt auðvitað að flytja til einhvers annars lands í framtíðinni. En þá bara tímabundið.“

ARNAR GUNNARSSON, 24 ÁRA STARFSMAÐUR NOVA

Arnar sér fyrir sér að búa tímabundið erlendis en annars myndi hann vilja búa á höfuðborgarsvæðinu. „Ég væri til í að prófa að búa annars staðar en á Íslandi, en ég hef ekkert á móti Íslandi. Ég lít það bara jákvæðum augum.“

DÓRA BJÖRG ÁRNADÓTTIR, 20 ÁRA STARFSMAÐUR Í EYMUNDSSON

Dóra sér fyrir sér að flytja til útlanda en myndi vilja koma aftur til Íslands. „Þar er gott að komast í fjölbreytt nám á efra stigi. Svo held ég að það sé líka ódýrara að búa erlendis.“

RAGNAR AUÐUNN ÁRNASON, 20 ÁRA STARFSMAÐUR KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKUR

„Ég hef þegar búið úti í eitt ár,“ segir Ragnar, sem sér fyrir sér að búa á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni. „Hér líður mér bara vel. Það er bara svo þægilegt að búa á Íslandi.“

ARNA MARÍA VIGNISDÓTTIR, 17 ÁRA STARFSMAÐUR HAMBORGARAFABRIKKUNNAR

„Ég vona að ég fái tækifæri til að flytja til útlanda en ég geri ráð fyrir að ég muni búa áfram á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Arna. Hún segir að auðvelt sé að stunda nám á Íslandi og hér sé þægilegt að finna vinnu.

EMBLA PORFINNSDÓTTIR, 18 ÁRA STARFSMAÐUR KIRKJUGARÐA REYKJAVÍKUR

„Ég myndi vilja búa áfram í borginni,“ segir Embla. Að hennar mati eru það fjölskyldutengslin og tengsl við vini sem halda í hana.

VICTOR BLÆR JENSEN, 17 ÁRA STARFSMAÐUR Í FATAVERSLUN Í KRINGLUNNI

„Mig langar að fara í læknanám og ég held að það væri gott að fara til Bandaríkjanna. Ég held að það væri góður kostur fyrir mig,“ segir Victor en hann telur að Ísland sé of lítið land.

SÆDÍS BJÖRK JÓNSDÓTTIR, 20 ÁRA STARFSMAÐUR NOVA

„Ég bjó í Bandaríkjunum í eitt ár og mig langar að búa þar til að fara í nám,“ segir Sædís. „Ég treysti ekki stjórnvöldum á Íslandi og sé framtíðina ekki hér.“

BMW EfficientDynamics

X4 xDrive20d 5,4 l/100 km 142 kW (190 hð)

BMW X4

www.bmw.is



Hrein akstursgleði

ÓHEFÐBUNDINN.

REYNSLUAKTU NÝJUM BMW X4 Í DAG.

Flestir feta troðnar slóðir. Nýr fjórhjóladrifinn BMW X4 xDrive er ekki einn af þeim og það sést. Óhefðbundið útlit og BMW xDrive undirvagn eru aðalsmerki þessa nýja og spennandi BMW.

Aktu framförum – kynntu þér nýjan BMW X4.

BMW X4 20d xDrive. Verð frá 8.790.000 kr.: Nýja 190 hestafla dísilvél in í BMW X4 20d xDrive notar einungis 5,4 l/100 km* í blönduðum akstri og skilar honum frá 0-100 km/klst. á aðeins 8 sekúndum. Verið velkomin í reynsluakstur!

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



EITT VERÐ KR.

44.444

PR. STK.

144 cm hár
kælskápur

6 kílóa þvotta-
vél A++ orka

50 cm breið
eldavél

45 cm breið
uppvottavél

50%

AFSLÁTTUR

DAEWOO

RC-2200 Ryksuga

- Óflug ryksuga með 1600W mótör sem skilar 2000W afl.
- Air Clean II örnagnasía.
- 8 metra vinnuradius.
- Stálskafi og haus sem má nota á parket eða teppi.
- Fullt verð kr. 16.990.

Fyrirferðalítill
og kraftmikill

72 TÍMA TILBOÐ KR.
8.495
SPARAÐU 8.495

50%

AFSLÁTTUR AF POTTUM & TRISTAR PÖNNUM

Allir pottar, pottasett frá Sola og pönnur frá Tristar í Hollandi með 50% afslætti. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is

sola
THE NETHERLANDS

TRISTAR

Virkar á allar
hellur, líka span

FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS!

72 TÍMA OFURTILBOÐ

Kraftmikill
stálháfur

XXL ofn með
heitum blæstri

72 TÍMA TILBOÐ KR.
99.900
SPARAÐU 49.700

Helluborð með
snertitökkum

PRENNUPAKKATILBOÐ

Electrolux

ZB-2816 ErgoRapido ryksuga

Upplifðu þessa einstöku léttryksugu með skafti og handryksugu í einu og sama tækinu. Mótordrífinn bursti og góður sogkraftur. Ótrúlega létt og lipur í allri notkun. Svört háglans. Fullt verð kr. 22.990.

72 TÍMA TILBOÐ KR.
17.990
SPARAÐU 5.000

2 í 1 skaft- &
handryksuga

Electrolux

EN-13201JX Kæli- og frystiskápur

- Rúmmál kælis 198 lítrar og 111 lítra frystir.
- Orkuflokkur A++, 20% minna en orkuflokkur A.
- 3 MAXI frystiskúfur með nægu rými.
- LowFrost tækni í frystihluta - 80% minna hrím.
- HxBxD: 175 x 59,5 x 63,2 cm.
- Fullt verð kr. 99.900.

175
CM HÁR

XL

72 TÍMA TILBOÐ KR.
77.777
SPARAÐU 22.123

LowFrost 80%
minni afhriming

1600
SNÚNINGA

XXL
8 KG

0000

Sparaðu pláss,
peninga & tíma

72 TÍMA TILBOÐ KR.
124.900
SPARAÐU 25.000

2 í 1

ÞVÆR & ÞURRKAR

Electrolux

EWV-1685HDW Þvottavél & þurrkari

- Kláraðu þvottinn og þurrkinn í sama tækinu með þessari Electrolux gæðavél.
- 1600 snúninga stillanlegur vinduhræði
- Innbyggður barkalaus þurrkari með rakaskynjara, max 4 kg.
- 0-19 klst framstillt ræsing.
- TimeManager - sparaðu allt að 60% tíma.
- Kolalaus hágæðamótör
- Gufukerfi - sléttir úr krumpum
- Fullt verð kr. 149.900.

Electrolux

ESF-5201LOX Uppvottavél stál

Sparneytin, hljóðlát og vönduð vél með öllum helstu þvottakerfum.

- 5 þvottakerfi þ.á.m. alment, 30 mínútna, hraðkerfi, sparnaðakerfi og 70°C pottakerfi.
- A+/A einkunn fyrir orkunýtni/þvottagæði/þurrk.
- Framstillt ræsing möguleg um 3 klst.
- HxBxD: 82-88 x 59,6 x 59 cm.
- Fullt verð kr. 79.900.

AAA
EINKUNN

HRAD-
VAL

72 TÍMA OFURTILBOÐ KR.
66.666
SPARAÐU 13.234

Fæst í burstuðu
stáli eða hvítu

Hnoðar, hrærir
og þeytir

BOSCH

MUM-4405 Hrærivél

Kraftmikill hrærivél með 550W Multi Motion Drive mótör. 4 hraðastillingar. Getur ráðið við allt að 2 kg af deigi. Deigkrökur, hrærari og beytari fylgir. Fullt verð kr. 25.990.

72 TÍMA TILBOÐ KR.
14.990
42% AFSLÁTTUR

TOPPÓDEL!
100% belgiskar

DOMO

DO-9047W Belgískt vöflujárn

Án efa eitt flottasta vöflujárnið á markaðinum frá DOMO í Belgíu. Bakar tvær 2,6 cm hnauspykkar belgiskar vöflur á augabragði. Fullt verð kr. 12.990.

72 TÍMA TILBOÐ KR.
7.777
40% AFSLÁTTUR

Rafha ehf

Opíð
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

netto
Kræsingar & kostakjör

Grillum í sumar!

40%



Grisakótilettur, Brasilín
nú 1.199 kr/kg
áður 1.998 kr/kg



Nautakundir erlendar
nú 3.228 kr/kg
áður 3.798 kr/kg

30%



Kindakundir fryddaðar
nú 2.960 kr/kg
áður 4.228 kr/kg



Kjúklingabringur í
Mjöðarðarhafsmafineringu
áður 2.384 kr/kg - nú 1.883 kr/kg

35%



Lambakjukur, grill, NY frydd
nú 779 kr/kg
áður 1.198 kr/kg

40%



Kalkúnagrillsneiðar, poki
nú 1.739 kr/kg
áður 2.898 kr/kg



Lambaknyggur, 1/2
hundamegin, frosinn
áður 2.198 kr/kg - nú 1.692 kr/kg

50%



Bökunarkartöflur, Frakkland
nú 98 kr/kg
áður 195 kr/kg


Tilboðin gilda 16. júlí – 19. júlí 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



32%

Grisapottreittur í sveppasósu
nú 1.584 kr/kg
áður 2.329 kr/kg



44%



Kjúklingalundur, 700 gr
nú 986 kr/pk
áður 1.761 kr/pk

30%



Andaleggur + læri
nú 1.444 kr/kg
áður 2.063 kr/kg

25%



Pepsi/Pepsi Max 0,5L
nú 89 kr/stk
áður 119 kr/stk



Hamingjukaka, epli/bláber
nú 479 kr/stk
áður 599 kr/stk



Íslenskir tómatar, 250gr.
firsberja eða koktail
nú 229 kr/box



Twix, Snacksiz 4pk.
nú 298 kr/pk
áður 329 kr/pk



Frosin jarðarber, 400gr.
nú 247 kr/pk
áður 309 kr/pk



TRESemmé sjampo/nær. 500ml.
nú 479 kr/stk
áður 599 kr/stk

www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

Fagnaðar- eða áhyggjuefni?

Ný rannsókn Háskólans á Akureyri sýnir að mun fleiri íslenskir unglingar en áður vilja búa erlendis í framtíðinni. Auk þess búast fleiri ungmenni við að sú verði raunin. Óformleg rannsókn Fréttablaðsins í dag er í takt við niðurstöður háskólans, þar sem meirihluti viðmælenda segist hafa mikinn áhuga á því að flytjast búferlum og oft og tíðum mennta sig utan landsteinanna.

Rannsóknin er hluti af evrópskri rannsókn sem gerð er á fjögurra ára fresti og nær til allra íslenskra unglinga í 10. bekk grunnskóla.

Hlutfall íslenskra unglinga sem vilja búa erlendis hefur aukist úr þriðjungi fyrir efnahagshrunið í um helming þeirra samkvæmt niðurstöðum þessa árs. Hlutföllin eru örlítið hærri fyrir ungmenni á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Hlutfall þeirra sem telja líklegt að ósk þeirra muni

Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

rætast og þeir muni búa erlendis í framtíðinni er lægra, en hefur þó tvöfaldast frá því á árinu 2003, úr 18 prósentum í 37 prósent.

Í rannsókn Háskólans á Akureyri er þó ekki spurt hvort ungmennin hafi hugsað sér að flytja alfarið af landi brott. Hin óformlega rannsókn Fréttablaðsins gefur vísbendingar um að svo sé ekki. Flestir viðmælendur blaðsins vildu prófa að búa erlendis við nám en sjá fyrir sér að setjast að hérlandis eftir það. Sé það almenna línan er þetta allt annað en varhugaverð þróun. Tækifæri til sérmenntunar eru augljóslega mun meiri í fjölmennari samfélögum en hér. Þar að auki er það líklegt til að auðga íslenska menningu verulega að hafa hér viðsýna og víðförla einstaklinga sem átta sig á hvílíkur lottóvinningur það að mörgu leyti er að hafa fæðst hér á landi en ekki annars staðar og njóta þeirra lífsgæða sem því fylgir. Hér er hreint loft, hreint vatn, lítið atvinnuleysi, hátt menntunarstig, farsóttir þekkjast ekki og stríð geisa ekki svo fátt eitt sé nefnt.

En sé það svo að ungmennin í rannsókn Háskólans á Akureyri hafi almennt ekki í hyggju að snúa aftur er þróunin áhyggjuefni. Fjöldi háskólamenntaðs fólks og faglærðra iðnaðarmanna hefur þegar flúið land í kjölfar hrunsins. Rannsóknir sýna að slík blóðtaka – svokallaður spekileiki – getur til langs tíma haft geigvænleg áhrif á þjóðir. Ef unga fólkið ætla líka að yfirgefa landið alfarið er ljóst að útlitið er svart.

Því er ekki að neita að ungt fólk í dag hefur meiri aðgang að umheiminum í gegnum netið og samskiptamiðla. Sú mynd sem það fær þar af öðrum „þróðum“ þjóðum er oft töluvert frábrugðin íslenskum veruleika þar sem háskólamenntun skilar takmörkuðum kjarabótum gagnvart ölarðum, atvinnutækifæri snúast um álver eða aðra stóriðju og kaupmáttur launa er ekki nálægt þeim löndum sem við berum okkur alla jafna saman við. Ofan á þetta bætist tortryggni og fordómar gagnvart umheiminum sem erfitt er að skilja öðruvísi en hræðslu og heimóttarskap.

Því miður – þrátt fyrir að töluvert hafi unnist við endurreisn hagkerfisins – þá er fátt sem bendir til þess að núverandi ríkisstjórn vilji byggja hér upp nútímavætt þjóðfélag í anda þjóðanna í kringum okkur. Heimurinn er að minnka í óeiginlegri merkingu og það er brýnt að þeir sem einhverju fá ráðið um mótun samfélagsins horfi meira fram á veginn. Hér þarf að byggja upp samkeppnishæfar aðstæður þar sem vel menntuð og viðsýn ungmenni kjósa að setjast að eftir ævintýri erlendis.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrund Þórsdóttir hrund@365.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Situr ekki undir ósannindum

Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, benti á að Dagur B. Eggertsson borgarstjóri hefði farið með rangt mál í útvarpsþættinum í bítíð á Bylgjunni þegar hann fullyrti að fjárlaganefnd hefði óskað eftir skýrslu frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um nýjan Landspítala. „Fjárlaganefnd hefur aldrei farið fram á að farið yrði yfir útreikninga Hagfræðistofnunar og ég biðst undan því að sitja undir slíkum ósannindum frá borgarstjóra Reykjavíkur. Við vitum að hann er kominn í mikil vandræði með rekstur borgarinnar,“ sagði Vigdís á Facebook-síðu sinni í gær. Kom svo síðar í ljós að Háskólinn sjálfur hafði óskað eftir skýrslunni en ekki fjárlaganefnd.

Hlutverk fjárlaganefndar

Það er því rétt sem Vigdís segir að Dagur fari með rangt mál. Þó er áhugavert að velja því fyrir sér af hverju fjárlaganefnd hafði ekki óskað eftir skýrslu um svo veigamikil málefni en fyrirætlanir um nýjan Landspítala eiga svo sannarlega erindi á borð fjárlaganefndar. Pólitískt hefði það eflaust verið sterkara fyrir Vigdísi ef hún hefði verið forsjálli en háskólinn og pantað skýrsluna á undan. Hefði það ekki verið ábyrgara af fjárlagavaldi þingsins en að frábíðja sér ásakanir um slíkt?

Byrjað á öflugum enda

Enn af Hagfræðistofnun. Stofnunin birti fyrir rúmum mánuði skýrslu um stöðu og horfur á mjólkurmarkaði á Íslandi. Þar kom meðal annars fram að stofnunin mælti með því að tollar á mjólkurvörur yrðu lækkaðir til að létta undir með neytendum. Mánuði eftir að skýrslan kom út tilkynnti Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra að afnema ætti alla tolla á Íslandi nema matartolla. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli lækka tolla en miður að matartollar skuli ekki lækkaðir. Það kæmi sér sérlega vel fyrir þau heimili sem lægst hafa tekjurnar en um þrjátíu prósent af tekjum launalægstu heimilanna fara í matarinnkaup.

stefanrafn@frettabladid.is

HALLDÓR



Lögbundna sálfræðipjónustu í grunn- og framhaldsskóla

KMENNT



Óskar Steinn Ómarsson
upplýsingafulltrúi
Ungra jafnaðarmanna

Algengasta dánarorsök ungra íslenskra karlmannna á aldrinum 18 til 25 ára er sjálfsvíg. Ekki bílslys, ekki krabbamein, heldur sjálfsvíg. Fjórir til sex ungir karlmenn svipta sig lífi ár hvert, en alls falla að meðaltali 35 Íslendingar fyrir eigin hendi árlega. Símtölum um sjálfsvíg í hjálparsíma Rauða krossins, 1717, hefur fjölgað um 42% milli ára. Ef um annars konar dauðsföll væri að ræða, svo sem af völdum kynsjúkdóms, væri talað um faraldur.

Viðvörunarbjöllurnar eru líka byrjaðar að hringja í framhaldsskólum landsins. Á meðan brottfall fer almennt minnkandi hækkar hlutfall þeirra sem hætta í námi vegna andlegra veikinda. Á haustönn 2014 hættu 12 prósent vegna andlegrar vanlíðunar – upp um þrjú prósentustig frá því árið áður. Náms- og starfsráðgjafar upplifa aukið álag og segja að starf þeirra snúist í auknum mæli um að veita nemendum með erfið persónuleg vandamál þjónustu, sem betur ætti heima á sviði velferðarþjónustu.

Við verðum að grípa til aðgerða strax.

→ Viðvörunarbjöllurnar eru líka byrjaðar að hringja í framhaldsskólum landsins. Á meðan brottfall fer almennt minnkandi hækkar hlutfall þeirra sem hætta í námi vegna andlegra veikinda.

Í lögum um grunn- og framhaldsskóla er hvergi að finna nein ákvæði um aðgengi nemenda að sálfræðipjónustu. Í dag er því einna raunverulega úrræðið að leita til dýrra sálfræðinga utan veggja skólans. Vegna mikils kostnaðar bíta margir á jaxlinn og veigra sér við því að leita aðstoðar. Rétturinn til gjaldfrjálsrar sálfræðipjónustu í grunn- og framhaldsskólum landsins á að vera sjálfsagður og óskoraður. Um er að ræða nauðsynlega heilbrigðisþjónustu sem getur skipt sköpum fyrir ungt fólk sem á í erfiðleikum með að fóta sig í lífinu. Lögbundin sálfræðipjónusta í grunn- og framhaldsskólum getur bætt andlega heilsu ungmenna, dregið úr brottfalli og bjargað mannlífum.

Grillum í sumar!



Nautahundir erlendar
nú 3.228 kr/kg
áður 3.798 kr/kg

nettó | Mikil úrval!
Kræsingar & kostakjör
www.netto.is

Mygluostur eða myglaður ostur

Í DAG

Sif Sigmarsdóttir rithöfundur



Tíminn. Hann bætir, þroskar, sætir. Góður ostur verður betri. Rauðvín öðlast dýpt. Maðurinn visku. Reynsla er af hinu góða. Það vita allir (nema kannski stjórnendur RÚV sem missa nú frá sér reynslubolta eins og klaufalegir smákrakkar í bolta-leik). En tíminn er líka skaðræð-isskepna. Hann skemmir, spillir og eyðileggur. Matur rotnar. Andlit hrukkast. Hlutir morkna. Hvor hlið peningsins snýr upp er þó stundum erfitt að segja til um. Hvort gangur tímans feli í sér framför eða fall er ekki allt-af ljóst. Hvenær hættir ostur að vera mygluostur og verður ein-faldlega myglaður ostur?

Fimmta boxið

Margir eru mjög reiðir út í hinn svokallaða fjórflokk. Finna honum allt til foráttu og kenna honum um allt sem miður fer. Ég hef aldrei misst mikinn svefn yfir fjórflokkakerfinu. Er fjórflokkurinn ekki aðeins fólkið í þessum flokkum? Ekkert meira, ekkert minna. Stundum

velti ég fyrir mér hvort kraftar þess dugmikla fólks sem stofnar nýja stjórnmalaflokka væru ekki betur nýttir í að komast til áhrifa innan eins fjórflokka-anna. Það þarf ekki alltaf að taka kúluna á húsið og byggja nýtt. Stundum má gera upp það gamla. Að sama skapi hef ég engar sérstakar taugar til fjórflokks-ins. Ef eitthvað betra byðist í kosningum myndi ég ekki hika við að haka í fimmta boxið. Nú, í fyrsta sinn á mínum kosningaferli, íhuga ég að snið-ganga fjórflokkinn í Alþingis-kosningum. Taka áhættu og kjósa eitthvað sem í svipinn virðist nýtt, ferskt og djarft. Það er hins vegar ein fyrirstaða í veginum.

Óánægjufylgi – eða hvað?

Nú þegar kjörtímabilið er hálfnað og tvö ár eru til kosninga mælist fjórflokkurinn með sögu-lega lítið fylgi. Samkvæmt nýj-ustu könnun MMR er fylgi hans 56% en það var kringum 90% lengi vel. Ekkert lát virðist ætla að vera á góðu gengi Pírata í skoðana-könnunum. Þeir mælast stærsti flokkur landsins með 33,2% fylgi. Á þingi sitja þrír Píratar. Jón Þór Ólafsson lét af þingmennsku á dögnum eftir að hafa setið á

Alþingi í tvö ár fyrir flokkinn. Í stað hans kemur inn varamaður. Fram hefur komið í fjölmiðlum að Píratinn Helgi Hrafn Gunn-arsson ætli ekki að gefa kost á sér til þings í næstu kosningum. Þriðji Píratinn, Birgitta Jóns-dóttir, er þeirrar skoðunar að engum sé hollt að sitja lengur samfelldt á Alþingi en tvö kjör-tímabil. Hyggst hún því líka hætta. Ekkert þeirra þriggja verður því á framboðslistum Pírata til næstu þingkosninga. Stjórnmalafraeðingar og aðrir spekulantar keppast við að koma með skýringar á góðu gengi Pírata í skoðanakönnun-um. Sú vinsælasta virðist vera óánægjufylgi. Fólk er óánægt með ríkisstjórnina, stjórnar-andstöðuna og fjórflokkinn almennt. Það segist ætla að kjósa Pírata af pirringi. En það getur ekki verið sagan öll. Gott gengi Pírata hlýtur líka að hafa eitthvað með Pírata að gera. Fólk hlýtur að vera nokk-uð ánægt með framgöngu Jóns Þórs, Helga Hrafn og Birgittu. Af hverju segðist það annars ætla að kjósa flokkinn? En þar liggur einmitt vandi Pírata. Ben Affleck og Jennifer Lawrence Sem hugsanlegur kjósandi Pírata hika ég. Ég taldi mig vera að kaupa mér bíómiða inn á stór-

mynd með Ben Affleck, Christ-ian Bale og Jennifer Lawrence í aðalhlutverki. Þegar ég geng inn í salinn kemur í ljós að stjórn-urnar gáfust upp á myndinni. Ég er föst inni í bíósal í tvo tíma að horfa á einhverja B-myndaleik-ara sem ég hef aldrei heyrt um. Það er vafalaust mikið af góðu fólki sem starfar bak við tjöldin innan stjórnmalaflokks Pírata. Fullt af frambærilegum ein-staklingum sem eiga framtíðina fyrir sér í pólitík. Það er hins vegar ástæða fyrir því að nöfn stórleikara blasa við stórum stöfum á auglýsingaplakötum Hollywood-mynda. Enginn fer í bíó af því að ónefndi aukaleikar-inn sem ferst í bílaeltingarleik á fimmtu mínútu er svo helvíti góður. Sorrí. En þannig er það bara. Elsku bestu Píratar Stundum er tíminn afl til fram-fara, stundum til eyðileggingar. Ég skil hugmyndir Pírata um að ekki sé æskilegt að fólk hangi of lengi inni á þingi. Völd eru ekki eins og rauðvín. Þau batna ekki með tíma. Dæmið er einfalt: Völd + Tími = Spilling. Píratar eru hins vegar ekki við völd. Þeim er óhætt að staldra aðeins lengur við. Það má ekki vanmeta virði reynsl-unnar. Það er skömm að sú kunnátta sem þingmenn Pírata

Hvor hlið peningsins snýr upp er þó stundum erfitt að segja til um. Hvort gangur tímans feli í sér framför eða fall er ekki alltaf ljóst. Hvenær hættir ostur að vera myglu-ostur og verður einfaldlega myglaður ostur? hafa orðið sér úti um undanfarin ár týnist er þeir hverfa á braut. Stjórnmalamenn eiga til að ofmeta eigið mikilvægi. Þeim hættir til þaulsetu. En þingmenn Pírata virðast vanmeta eigin þátt í því mikla fylgi sem mælist í skoðanakönnunum og hyggja á algjörlega ótímabært brott-hvarf. Ég vil því biðla til þeirra Helga Hrafn og Birgittu: Elsku bestu Píratar. Ég veit að þing-mennska er vanþakklátt starf en plís, nennið þið að gefa kost á ykkur einu sinni enn. Í skiptum fyrir fórn ykkar skal ég hug-leiða í fúlustu alvöru að bjóða ykkur eitt atkvæði. Live long and prosper. Takk og bless.

Alþjóðlegi sakamála-dómstóllinn á betra skilið

Í dag höldum við upp á Alþjóðleg-an dag réttlætis. Þennan dag árið 1998 var Alþjóðlegi sakamáladóm-stóllinn stofnaður – merkur áfangi í baráttunni gegn refsileysi fyrir verstu glæpi mannkyns: hópmorð, glæpi gegn mannúð, stríðsglæpi og glæpi gegn friði. Þá hafði hug-myndin um varanlegan, sjálfstæð-an, alþjóðlegan dómstól sem myndi gera einstaklinga, þ.m.t. leiðtoga, ábyrga fyrir slíkum glæpum lengi verið talin draumsýn. Stofnun dómstólsins var því sannkallað kraftaverk í samskiptum ríkja. Þótt tilurð hans sé einstök, ber okkur engu að síður að dæma þessa ungu stofnun af verkum sínum. Alþjóðleg refsiréttarvarsla krefst sífеллрdrar vinnu. Dómstóll-inn þarf oft að fóta sig varlega við rannsóknir á þeim sem bera mesta ábyrgð á grimmdarverk-um, en hafa samtímis í heiðri ýtr-ustu kröfur um tilhlýðilega máls-meðferð og leyfa röddum óteljandi fórnarlamba að heyrast. Óháð gangverk dómstólsins heldur sínu striki. Hann hefur lokið þremur málum og sannað skilvirkni sína. Reynslan hefur leitt varnaðaráhrif hans í ljós: mögulegir afbrota-menn hafa forðast að fremja glæpi. Eins og Ban Ki-moon, aðalfram-kvæmdastjóri Sameinuðu þjóð-anna, komst að orði: „Tími refsi-leysis heyrir sögunni til. Í hans stað sjáum við, hægt en örugglega, öld ábyrgðar ganga í garð.“ Nærri tveir þriðju hlutar aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hafa gengið til liðs við dómstóllinn. Erfiðleikarnir eru ekki úr sög-unni. Ellefu handtökuskipanir, sem Alþjóðlegi sakamáladóm-stóllinn hefur gefið út, hafa ekki náð fram að ganga. Þar er með talin handtökuskipun á hendur Al Bashir, forseta Súdan, sem þarf að svara til saka fyrir ólýsan-lega glæpi sem enn viðgangast og ógna óbreyttum borgurum Dar-fur. Fréttir bárust af því um allan heim fyrir skemmstu þegar hann slapp naumlega undan réttvísinni í Suður-Afríku og varð flóttinn vatn á myllu þeirra sem efast um dóm-stóllinn og hallmæla honum. Þessum gagnrýnendum hættir hins vegar til að gleyma að Alþjóð-

legi sakamáladómstóllinn hefur ekki sömu aðstöðu til að fram-fylgja fyrir mælum og landsdóm-stólar. Alþjóðlegi sakamáladóm-stóllinn hefur ekki sína eigin lögreglu til að elta þekktu flótta-menn um allan heim. Orsök þess að handtökuskipunum hefur ekki verið framfylgt er að finna hjá ríkjum sem ekki axla þá ábyrgð að framfylgja þeim. Þar er ekki við dómstóllinn að sakast. Gagnrýnendur halda því einnig fram að dómstóllinn velji sér mál, sækji til saka fyrir glæpi sumra – sérstaklega í Afríku – en horfi fram hjá öðrum. En dómstóllinn getur ekki rannsakað afbrot utan lögsögu sinnar. Þessi gagnrýni myndi hverfa ef þau lönd sem enn hafa ekki samþykkt lögsögu dóm-stólsins, gerðu það. Þangað til ber öryggisráð Sameinuðu þjóð-anna ábyrgð á því að koma í veg fyrir refsileysi. Það hefur vald til að heimila rannsóknir af hálfu Alþjóðlega sakamáladómstólsins hvar sem er í heiminum. Þetta getur öryggisráðið gert á svæð-um þar sem hræðilegir glæpir eru daglegt brauð, en fórnarlömb í Sýrlandi og Norður-Kóreu, svo dæmi séu tekin, hafa þegar beðið allt of lengi eftir aðgerðum ráðs-ins. Sagan hefur einkennst af stríði og átökum, en lítill gaumur verið gefinn lögum um stríð og vernd óbreyttra borgara. Því grimmi-legri sem glæpirnir eru, því lík-legra hefur verið að afbrotamenn-irnir komist hjá refsingu. Þegar á heildina er lítið hefur Alþjóðlegi sakadómstóllinn ekki enn slitið barnsskónum. Og hann þarfnast hjálpar okkar. Það er ekki í verka-hring hans að bregðast við pól-ítískum árásum, heldur okkar. Þá sem fremja alvarlegustu glæpina samkvæmt alþjóðalögum verður að draga fyrir dómstóla svo þeir horfist í augu við gerðir sínar og fórnarlömb. Þetta ætti að vera reglan, ekki undantekningin. Við þekkjum þá pólitísku og prakt-ísku erfiðleika sem fylgja því að lögsækja háttsetta afbrotamenn fyrir flókna glæpi. Við vitum líka að hafa þarf tímasetningu rétt-lætis í huga til að koma á friði. En

við erum staðráðin í að tryggja að í fyllingu tímans muni réttlætið ná til gerenda þeirra glæpa sem særa samvisku mannkyns mest. Án réttlætis njóta ekki allir var-anlegs friðar. Þess vegna biðjum við aðra stjórnmalamenn og óbreytta borg-ara að nota raddir sínar til hjálp-ar: að ganga til liðs við Alþjóðlega sakamáladómstóllinn. Bindum enda á vítahring ofbeldis með lögum. Þá sem fremja glæpi þarf að draga fyrir dómstóla – fyrir landsdómstóla eða Alþjóðlega sakamáladómstóllinn, ef þá fyrr-nefndu skortir vilja eða getu. Ef okkur mistekst er ekki við Alþjóð-lega sakamáladómstóllinn, sem stofnun, að sakast, heldur mann-kynið. Eftir helförina, Rúanda og Srebrenica segjum við „aldrei aftur“. Við þurfum meira en orð: við þurfum aðgerðir. Þetta er ákall okkar um aðgerðir.

- Undirritað af eftirfarandi ráðherrum:**
- Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra Íslands
 - Jean Asselborn, utanríkisráðherra Lúxemborgar
 - Julie Bishop, utanríkisráðherra Ástralíu
 - Børge Brende, utanríkisráðherra Noregs
 - Didier Burkhalter, utanríkisráðherra Sviss
 - Karl Erjavec, varaforsetis- og utanríkisráðherra Slóveníu
 - Aurelia Frick, utanríkisráðherra Liechtenstein
 - Sebastian Kurz, utanríkisráðherra Austurríkis
 - Manuel González Sanz, utanríkisráðherra Kostaríka
 - Timo Soini, Minister, utanríkisráðherra Finnlands
 - Lubomír Zaorálek, utanríkisráðherra Tékklands
 - Pelonomi Venson-Moitoi, utanríkisráðherra Botswana
 - Kristian Jensen, utanríkisráðherra Danmerkur

PEPSI MAX OG WOW AIR KYNNA

KINGS OF LEON

NÝJA LAUGARDALSHÖLLIN 13. ÁGÚST

#KOLICELAND | WWW.SENA.IS/KOL

ÞESSI GÖMLU GÓÐU Á EINUM STAÐ

BESTA TÓNLISTIN FRÁ 1960 - 1985

GULL BYLGJAN

MERKISATBURÐIR

1203 Krossfararriddarar úr Fjórðu krossferðinni ráðast á Konst- antínópel. Alexíus 3. Angelus Býsanskeisari flýr borgina og fer í útlegð.

1453 Hundrað ára stríðinu lýkur með sigri Frakka í orrustunni við Castillon.

1505 Norska ríkisráðið dæmir Kai von Ahlefeldt frá hirðstjórn á Íslandi.

1751 Innréttlingarnar, hlutafélag um eflingu iðnaðar á Íslandi, stofnaðar á Pingvöllum að frumkvæði Skúla Magnússonar land- fógeta.

1762 Katrín 2. verður einvaldur í Rússlandi eftir að Pétur 3. er myrtur.

+

Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför

EINARS PÉTURS ELÍASSONAR
vélstjóra,
Sigtúni 43, Reykjavík,

Bjarney Jónsdóttir

Ásdís B. Einarsdóttir

Kristinn Einarsson

Guðrún Einarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Guðmundur Rafnar Valtýsson

Margrét Hallsdóttir

Sumarliði Jónsson



+

Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

GUÐRÚN B. KOLBEINS

lést á heimili sínu í Kallinge í Svíþjóð, sunnudaginn 12. júlí sl. Útförin fer fram frá Heliga Kors kyrka í Ronneby í Svíþjóð, 22. júlí kl. 10.30. Minningarathöfn á Íslandi verður auglýst síðar.

Hannes B. Kolbeins
börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.



+

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SIGURBJÖRG VIGFÚSDÓTTIR
Miðvangi 23,
Hafnarfirði,

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi, sunnu- daginn 12. júlí 2015. Útför hennar fer fram frá Víðistaðakirkju mánudaginn 20. júlí kl. 13.

Torfi Kr. Kristinsson

Sigurður Kristinsson

Ingileif Kristinsdóttir

Hallgerður Kristinsdóttir

Vigfús Kristinsson

Kristinn Kristinsson

barnabörn og barnabarnabörn.

Helga Eyberg Ketilsdóttir

Sigurður Þórir Eggertsson

Simon Már Ólafsson

Stefanía Vilhjálmisdóttir



+

Innlegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

SVANHILDAR MÖGNUM SIGFÚSDÓTTUR
Hjálmholti 2, Reykjavík.

lést á heimili sínu 11. júlí. Útförin fer fram frá Borgarnes- kirkju, laugardaginn 18. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður að Miklaholti. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Miklaholtskirkju.

Ingimundur Pétursson

Guðrún H. Ingimundardóttir

Sigurbjörg Ingimundardóttir

Þóra Sigríður Ingimundardóttir

Hildur B. Ingimundardóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Sigurðsson

Kjartan Ágústsson



+

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

TRAUSTI SKÚLASON
bóndi,
Syðra-Skógarnesi,

lést á heimili sínu 11. júlí. Útförin fer fram frá Borgarnes- kirkju, laugardaginn 18. júlí kl. 13.00. Jarðsett verður að Miklaholti. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Miklaholtskirkju.

Guðríður Kristjánsdóttir

Kristín S. Traustadóttir

Hallfríður Traustadóttir

Elva Traustadóttir

Sigríður G. Ólafsdóttir

afabörnin og fjölskyldur þeirra.

Hallgrímur Sigurðsson

Sigurþór Ólafsson

Georg Óskarsson



PETTA GERÐIST: 17. JÚLÍ 2014

Flugvél Malaysia Airlines skotin niður

Flugvél á vegum Malaysia Airlines sem var á leiðinni frá Amsterdam til Kúala Lúmpúr var skotin niður nálægt Torez í Úkraínu. Alls voru 283 farþegar um borð og 15 í áhöfninni og létust allir. Vélin sem var af gerðinni Boeing 777-200ER missti samband og hvarf af radar um það bil 50 kílómetrum frá landamærum Rússlands og Úkraínu.

Flugslysið átti sér stað á sama tíma og Úkraína og Rússland áttu í miklum útistöðum. Bandarísk og þýsk stjórnvöld telja að Rússar beri ábyrgð á þessum hræðilega atburði. Rússar neita sök og segja að Úkraínumenn beri alfarið ábyrgð á flugslysinu. Flest önnur flug- félög forðuðust að fljúga yfir Úkraínu enda var það talið hættulegt svæði á þessum tíma.

Stærsti hluti farþeganna var frá Hollandi enda var lýst yfir þjóðarsorg þar í landi í kjölfarið. Margir farþegar voru frá Malasíu, Ástralíu og Bretlandi.

Flugslysið varð aðeins nokkrum mánuðum eftir að önnur flugvél frá Malaysia Airlines hvarf af radar. Sú vél var á leiðinni frá Kúala Lúmpúr til Peking en það er talið að hún hafi farist í Suður-Ind- landshafi.

Grillgleði hjá Trans Íslandi

Veislan er partur af árlegri starfsemi félagsins en félagsmenn eru með mörg járn í eld- inum um þessar mundir. Peir segja mörgu ábótavant í réttindum transfólks á Íslandi.

Trans Ísland stendur fyrir grillgleði á Klambratúni í dag. Veislan hefst klukkan fimm og verður grill á staðn- um. Fólk er hvatt til þess að koma með sinn eigin mat og drykki. Grill- ið er árlegur liður í starfsemi Trans Íslands félagsins ár hvert en allir meðlimir, vinir, velunnarar og banda- menn eru velkomnir að taka þátt. Ugly Stefanía Kristjónudóttir Jónsdóttir er varaformaður Trans Íslands og hún segir að búast megi við miklum fjölda fólks. „Þessi árlegi viðburður hefur verið að stækka með árunum. Í fyrra komu rúmlega 60 manns og samkvæmt Facebook eigum við von á mun fleirum í ár. Þetta er frábært tækifæri fyrir alla að koma með fjölskyldur sínar og skemmta sér saman.“

Trans Ísland er hagsmunafélag undir Samtökunum 78 og tekur þátt í ýmsum störfum innan samtakanna. Félagsmenn taka þátt í gleðigöngunni sem fer fram aðra helgina í ágúst og er undirbúningur í fullum gangi. „Við erum búin að panta inn fánana sem við munum nota í göngunni og þetta mun bráðum allt smella saman. Það er alltaf gaman að taka þátt,“ segir Ugly.

Barátta transfólks á Íslandi hefur ekki fengið mikla umfjöllun og telur Ugly Íslendinga vera að dragast aftur úr. „Umræðan og lagasetningar hér á landi eru ekki að að gerast á sama hraða og við erum að sjá í Banda- ríkjunum og öðrum Evrópulöndum. Á Íslandi þarf enn þá að fá samþykki geðlækna og sálfræðinga til þess að fá hormónatöflur og fleiri meðferðir fyrir þá sem það vilja. Samkvæmt lögum á Íslandi er transfólk með kynáttunar- vanda og flokkað sem geðveikt af heil- brigðiskerfinu. Þetta er ekkert annað en tímaskekkja og ekki í takt við það sem er að gerast úti í heimi. Við erum núna hópur að vinna saman að frum- varpi sem við viljum að verði lagt fram. Við höfum rætt það við nokkra þingmenn sem taka vel í það. Við von- umst til þess að ná að klára frumvarp- ið á næstunni og fá það í gegn. Trans Ísland er einnig að vinna í verkefni þar sem við tökum saman allar helstu spurningarnar sem transfólk fær og búum til myndband þar sem spurn- ingarnar verða dregnar upp úr hatti

UGLY STEFANÍA Trans Ísland hvetur vini og velunnara til þess að mæta með fjölskyldurnar á Klambratún í dag.

og þeim verður svarað. Við erum enn að fá óviðeigandi spurningar sem eru oft byggðar á ranghugmyndum. Þannig viljum við upplýsa almenning sem er kannski ekki nógu vel að sér í þessum málum.“

gunnhildur@frettabladid.is

➔ Umræðan og lagasetningar hér á landi eru ekki að að gerast á sama hraða og við erum að sjá í Bandaríkjunum og öðrum Evrópulöndum.

+

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og tengdadóttir,

GUÐBJÖRG RÓSANTS STEFÁNSDÓTTIR (DISSA)
Stífluseli 1, Reykjavík,

andaðist á líknardeildinni í Kópavogi þriðjudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju, miðvikudaginn 22. júlí kl. 15.00.

Hanna Dóra Magnúsdóttir

Ólafur Stefán Magnússon

Helgi Magnússon

Skúli Magnússon

barnabörn og Aðalheiður Dóra Magnúsdóttir.

Trausti Sigurðsson

Anna Rúnarsdóttir

Geirlaug D. Oddsdóttir



+

Okkar ástkæri faðir, tengdafaðir og afi,

SIGURÐUR BERG BERGSTEINSSON
Kleppsvegi 58,
Reykjavík,

lést þriðjudaginn 7. júlí á Landspítalanum í Fossvogi. Hann verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju, föstudaginn 24. júlí, klukkan 13.00.

Óskar Berg Sigurðsson

Sigrún Sigurðardóttir

Hafdis Björg Sigurðardóttir

Þjóðbjörg Heiða Þorsteinsdóttir

Valdis Ingunn Óskarsdóttir

Markús Georg Berg Óskarsson

Katarzyna S. Sigurðsson

Hörður Benediktsson

Óskar Ásgeirsson

Snorri Pétur Nielsson

Hörður Páll Steinarsson



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



ANDLIT Á SÝNINGU

Dagur Gunnarsson, útvarpsmaður og ljósmyndari, heldur sýningu á verkum sínum hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Myndir af fólki eru fyrirferðarmiklar á sýningunni. Síða 2

SOLARAY®
The Promise of the Rainbow™



**BETRI NÆRING
HREIN GÆÐI
EINSTÖK VIRKNI**

Vítamín og bætiefni
sem næringarþerapistar
mæla með.

 Solaray Ísland á Facebook

Fæst í öllum helstu apótekum og heilsuvörubúðum



FLJÓTLEGT OG GOTT Kristín Gróa gefur uppskrift að fallegum, sumarlegum og fljólegum rétti.

MYND/GVA

FLJÓLEGT FISKI-TACO

SUMARLEG UPPSKRIFT Kristín Gróa Þorvaldsdóttir heldur úti vef- og Facebook-síðunni Lúxusgrísir. Hún gefur uppskrift að sumarlegum rétti.

Ég var alin upp við góðan og fjölbreyttan mat og mataráhuginn er líklega sprottinn þaðan,“ segir Kristín Gróa sem starfar sem tölvunarfræðingur hjá Marel. Hún hefur haft áhuga á eldamennsku frá unga aldri og lærði mjög fljótt að elda mat af öllu tagi. „Þegar ég var sextán ára var mamma að vinna fram að kvöldmat. Við gerðum samning um að hún ákveddi hvað yrði í matinn en ég myndi elda hann. Þannig lærði ég að elda alls konar mat og fannst það mjög skemmtilegt.“

Kristínu Gróu finnst jafn skemmtilegt að elda fljótlega rétti og þá sem hún þarf að dúlla sér við í lengri tíma. „Það fer allt eftir því í hvernig stuði ég er,“ segir hún glaðlega. Hún hefur áhuga á öllum tegundum eldamennsku og gerir ekki upp á milli. „Ég hef þó upp á

síðkastið verið hrifin af miðausturlenskum mat. Það er spennandi að prófa ný krydd sem maður er ekki vanur. Ég nota uppskriftir fyrst þegar ég prófa eitthvað nýtt meðan ég fæ tilfinningu fyrir því sem ég er að gera. Þegar það er komið fer ég að prófa mig áfram.“

Kristín Gróa stofnaði síðuna Lúxusgrísi sem nokkurs konar áhugamál þegar hún og eiginmaðurinn fluttu til Bandaríkjanna árið 2012. „Ég hef reyndar ekki haldið síðunni við nýlega því við vorum að taka í gegn hús og vorum eldhúslaus í átta mánuði,“ segir Kristín Gróa glettin. „Nú vona ég að mér gefist tími til að endurvekja hana í fæðingarorlofinu.“

Kristín Gróa gefur hér uppskrift sína að fiski-taco. „Þetta er sumarlegur, fljótlegur og einfaldur réttur.“



FISKI-TACO

Hreinsum allan útivistarfatnað

EFNALAUGIN
BJÖRG
EFNALAUG PVOTTAHÚS
Hreinsun - Þvottahús - Dúkaeiga



Háaleitisbraut 58-60, 108 Rvk - Sími 5531380

NÁTTÚRULEGT VERKJAGEL

SORE NO MORE

Natural Pain Relieving Gel

COOL THERAPY

Net Wt. 4 oz. 112.9 g

Öflug hita- og kæli-meðferð

SORE NO MORE

Natural Pain Relieving Gel

WARM THERAPY

Net Wt. 4 oz. 112.9 g

Fæst í Fjarðarkaup og flestum apótekum og hellsubúðum

Sofðu rótt í alla nótt...

með Anti Leg Cramps

1-2 Anti Leg Cramps hylki á hverju kvöldi sporna gegn næturkrampa í fótum

Fæst í apótekum

Ýmus ehf - Dalbrekka 28 - 200 kópavogur - www.ymus.is

olis **BONUS**

80's BYLGJAN

GULL BYLGJAN

BYLGJAN

SUMARFERÐALAG BYLGJUNNAR ER Í LOFTINU

VALTÝR BJÖRN OG JÓI ALLA LAUGARDAGA MILLI KL. 12:20-16:00

NÆSTI VIÐKOMUSTADUR: FJÓLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐURINN

BYLGJAN
989

REYNNIR AÐ FANGA BLIKID Í AUGANU

HÆFILEIKI Dagur Gunnarsson, útvarpsmaður og ljósmyndari, leitar uppi áhugaverð andlit til að mynda en sýning á verkum hans stendur nú yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur.

Það þarf engin prófskírteini til að lesa í andlit – það er hæfileiki sem við fáum í vöggugjöf,“ segir Dagur Gunnarsson, útvarpsmaður og ljósmyndari, um portrettmyndasýningu sína Á förnun vegi sem nú stendur yfir í Ljósmyndasafni Reykjavíkur í Grófarhúsi. „Þetta eru svona tvö hundruð svarthvítar myndir sem rúlla á myndvarpa, mestallt óþekkt fólk en sumir eru pínulítið frægir, sumir eru útlendingar og aðrir Íslendingar,“ segir hann og bætir við að þetta verkefni hafi kraumað í sér í svona fimm ár enda ástríðufullur andlitsljósmyndari. „Ætli ég taki ekki svona meira en hundrað andlitsmyndir á ári.“ Hann segist samt ekki stoppa fólk úti á götu – svona yfirleitt. „Það hefur samt komið fyrir. Annars er þetta alls konar fólk, fólk sem ég hitti í starfi mínu sem útvarpsmaður, nánir ættingjar, vinir. Mér líður stundum eins og veiðimanni. Stundum geng ég lengi með í maganum að fá að taka myndir af fólki og þegar tækifærið býðst gríp ég það. Svo er ég kominn með það orðspor að ég taki finar myndir og þá biður fólk mig kannski að taka mynd af sér. Einnig er ég oft fenginn í fermingarveislur eða brúðkaup og þá er fólk þar sem ég gríp og mynda af því það er með áhugavert andlit.“

Og hvernig er áhugavert andlit að mati Dags? „Það er yfirleitt fólk sem er með sterka nærveru og mikla útgeislun, sem hefur frá einhverju áhuga-verðu að segja. Ég er að reyna að fanga blikid í auganu. Ég reyni yfirleitt að kynnst fólkinu sem ég tek mynd af, eyði tíma með því og tala við það áður en við förum í myndatökuna. Stundum er þetta reyndar gert á hlaupum og tvær mínútur verða að duga.“ Hann segist sjaldan segja fólki að brosa. „Ég reyni frekar að ná myndum af fólki þegar það er alvörugefið á svip því fólk er svo oft brosandí á myndum. Ég á til dæmis eina mjög flotta mynd af Ómari Ragnarssyni þar sem hann er með lokaðan munn og lokuð augu, mjög alvarlegur á svip.“

Tónlistin sem hljómar á sýningunni vekur athygli en hún er eftir Jóhann Jóhannsson, tónskáld og Golden Globe-verðlaunahafa. „Þegar ég tók viðtal við Jóhann Jóhannsson í desember í fyrra þá tókst með okkur spjall. Hann er áhugamaður um ljósmyndun og ég sagði honum frá því sem ég hafði verið að gera og úr varð þetta heilsteypta verk.“ Sýningin er styrkt af Reykjavíkurborg og Harri Gylfason, grafískur hönnuður og myndlistarmaður, er sýningarstjóri. „Harri réð því alfarið hvaða myndir enduðu á sýningunni. Hann valdi ekkert endilega uppáhaldsmyndirnar mínar og ekki þær sem eru tæknilega fullkomnar. En hann sá eitthvað sem ég sá ekkert alltaf, einhverja tilfinningu og mér fannst það ágætt því ég er allt of litadur af því hvernig samhengi myndanna er í minningunni til að velja á hlutlausan hátt.“ Á fimmtudaginn síðasta var opnaður annar

DAGUR GUNNARSSON segist að sér líði stundum eins og veiðimanni þegar hann leitar uppi áhugaverð andlit.

SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR OG SVAVAR GESTSSON

SIGURJÓN KJARTANSSON OG JÓN GNARR

hluti sýningarinnar á Reykjavíkurtorgi Borgar-bókasafnsins í Grófarhúsinu, en þar eru nokkrar myndanna prentaðar út og hengdar upp. Sú sýning stendur til 30. ágúst en sýningin á Ljósmyndasafninu stendur hins vegar til 13. september.

TACO MEÐ GRILLUÐUM SKÖTUSEL OG HRÁSALATI - FYRIR 4

Fiskur:
8 hvítlausrif
4 msk. ólífuolía
2 msk. hlynsiróp
4 tsk. heit reykt paprika
2 tsk. sjávarsalt í flögum
Nýmalaður svartur pipar
800 g skötuselur

Hrásalat:
¼ hvítkálshaus
1 grænt epli
3 vorlaukar
160 ml sýrður rjómi
160 ml majónesi
½ msk. hlynsiróp
1 límóna, börkurinn rifinn og safinn
1 ½ tsk. sjávarsalt í flögum
Nýmalaður svartur pipar

Til að bera fram:
1 búnt ferskt kóríander, saxað
2 stk. rauður chili-pipar, saxaður
12 mjög litlar tortillur eða 4 stórar

Saxið hvítlauk mjög smátt og setjið í

stóra skál. Bætið ólífuolíu, hlynsirópi, reyktri papríku, salti og pipar saman við. Hrærið öllu vel saman. Skerið skötuselinn í nokkuð stóra teninga og veltið þeim svo vandlega upp úr kryddleginum. Leyfið þessu að standa á meðan hrásalatið er útbúið.

Rífið hvítkál og grænt epli niður með rifjárninu eða í matvinnsluvél og setjið í frekar stóra skál. Saxið vorlauk nokkuð smátt og setjið saman við. Bætið sýrðum rjóma, majónesi og hlynsirópi út í. Raspið börkinn af límónunni og setjið saman við, skerið hana svo í tvennt og kreistið safann yfir. Saltið, piprið, blandið öllu vel saman og smakkið til að athuga hvort það þurfi meira salt eða pipar. Setjið til hliðar.

Þræðið skötuselsbitana upp á grillpinna og grillið við háan hita þar til fiskurinn er eldaður,

u.þ.b. 10 mínútur. Einnig er hægt að elda fiskinn í 200 gráðu heitum ofni ef það hentar betur. Setjið tortillurnar í örsamma stund á grillið (eða á heita pönnu) til að þær verði heitar og dálítið sviðnar.

Setjið hrásalat á tortillurnar, þá fiskinn og dreifið að lokum ferskum kóríander og chili-pipar yfir.

Lífið

FÖSTUDAGUR
17. JÚLÍ 2015

Nanna Árnadóttir
Íþróttifræðingur
**HLÁTUR OG
GRÁTUR Á MED-
GÖNGUNNI 6**

Eypór Rúnarsson
Matarvísir
**GRILLADAR FÍKJ-
UR MED LIME-
KARAMELLU 6**

Tíska og trend
á samfélagsmiðlunum
**ALLT SEM ÞÚ
ÞARFT AÐ VITA
UM ÚTILEGUNA 8**

Júlíana Sara Gunnarsdóttir
og Vala Kristín Eiríksdóttir

ÓVISSAN GETUR VERIÐ NÆRANDI



FRÉTTABLAÐIÐ

➤ visir.is/lifid



ROKK OG RÓL Í REYKJAVÍK

Hildur Sverrisdóttir er lögfræðingur og borgarfulltrúi sem hlustar á rokkaða tóna þegar hún reimar á sig hlaupaskóna og rásar eftir götum borgarinnar. Lagalisti hennar er rokkaður með hæfilegum skammti af eldri lögum í bland við ný. Hér ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og njóta þess að slá tvær flugur í einu höggi, hreyfingu og afþreyingu.

- LITHIUM
NIRVANA
- WELCOME TO THE JUNGLE
GUNS N' ROSES
- INFORMER
SNOW
- THE POWER
SNAP!
- CROSSFADE
GUSGUS
- PARÍS NORDURSINS
PRINS PÓLO
- GLOW
RETRO STEFSON
- FULL OF FIRE
THE KNIFE
- I FOLLOW RIVERS
LYKKE LI

SJÚKRAKASSI FYRIR SÁLINA

Það er alltaf ánægjulegt að kynnst nýjum verkfærum sem gera manni fært að láta sér og sínum líða betur, geðræktarkassinn er eitthvað sem ætti sannarlega að vera til á hverju heimili.

Friðrika Hjördís Geirsdóttir
umsjónarkona Lífins | rikka@365.is

Geðræktarkassinn er frábær hugmynd sem Hrefna Magnúsdóttir, formaður Rauða krossins á Ísafirði, kynnti mig fyrir um daginn. Hugmyndin er upphaflega komin frá Elínu Ebbu Ásmundsdóttur iðjuþjálfara í tengslum við alþjóðlegan geðheilbrigðisdag fyrir tíu árum. Hugmyndina sótti Elín Ebba í hjartnæma reynslusögu móður, sem var uppi um aldamótin 1900, en hún þurfti að gefa frá sér átta af tíu börnum sínum eftir að hafa misst eiginmann sinn og föður barnanna. Hverju barni sem hún gaf frá sér færði hún skrin sem innihélt minningar um hvað þau áttu góðan tíma saman þegar þau voru fjölskylda. Hún vissi að erfiðir tímar voru fram undan fyrir börnin og mikill söknuður kæmi til með að láta á sér kræla. Hún bað þau þá um að líta í skrínið þegar þessir tímar og neikvæðar hugsanir sóttu að. Skrínið átti einnig að minna börnin á að hún myndi koma og sækja þau á ný, sem hún og gerði að lokum. Blessunarlega erum við að mestu laus við slíkar raunir, að þurfa að láta frá okkur það sem okkur er dýrmætast, börnin okkar. Það þýðir þó ekki að okkur geti ekki liðið illa þegar á reynir. Við upplifum lífið á mismunandi hátt, eitt sem öðrum finnst erfitt finnst hinum léttvægt.

Góðar minningar

Hugmyndin um geðræktarkassann finnst mér alveg til fyrirmyndar og ætti hann að vera til á hverju heimili líkt og sjúkarakassi fyrir sálina. Allra best er þó ef hver og einn útbýr sinn persónulega kassa með hlut-



um eða myndum sem minna á góðan tíma, gömul ástarbréf frá maka, teikningar frá börnunum eða barnabörnum, eitthvað sem kemur þér til að hlæja eða rifja upp hlýjar tilfinningar. Slíkar jákvæðar tilfinningar efla og

styrkja sálartetrið og hjálpa við að ná tökum á neikvæðum hugsunum. Geðræktarkassann er hægt að útfæra á ýmsa vegu. Það er hægt að setja í hann og útbúa til eigin nota, gefa öðrum sem þér þykir

vænt um eða deila honum með öðrum eins og til dæmis fjölskyldunni. Ég hvet þig, kæri lesandi, til að prófa að búa til þinn eigin kassa, það er þó allavega ágætis skemmtun og útrás fyrir listræna hæfieika.

MADE IN GERMANY
Since 1950

Hefur hlotið frábæra dóma!

SONAX LAKKVÖRN+GLJÁI – Sterk og endingargóð gljávörn!

SONAX®

LÍFIÐ MÆLIR MEÐ AÐ TJALDA

Nú þegar sumarið stendur sem hæst og risavaxin hjólhýsi og tjaldvagnar fylla þjóðveginn er ekki úr vegi að leita aftur til upprunans og tjalda. Það hefur ýmsa kosti í för með sér að tjalda því bæði er tjald létt og fyrirferðarlítið og svo má koma því fyrir nánast hvar sem er. Það er líka fátt huggu-

legra en að vakna við hljóð í regndropum sem trítla niður tjaldið og anda að sér fersku loftinu alla sólbjarta nóttina. Nú er mál að leggja land undir fót með tjald í farteskinu og jafnvel njóta þess að fá áhyggjulausan akstur með áætlunarbíl þar sem hægt er að slappa af á leið í fríð.

ÚTGÁFUÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Ernir Eyjólfsson**

Allar vörur á
HÁLFVIRÐI



Stærðir 34-46

TUZZI

KRINGLUNNI

SÍMI 5688777



Vertu vinur okkar á Facebook



STÓRÚTSALA

Vandaður og klassískur fatnaður á frábæru verði!
Stærðir 36-52



hjá Hrafnhildi

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

- Engjateigur 5
- Sími 581 2141
- www.hjahrafnhildi.is



Vertu vinur okkar á Facebook

„Hugmyndirnar koma frá hinu hversdagslega lífi en við erum ekki að endurleika manneskjur heldur er þetta frekar ýkt útgáfa af aðstæðum.“

ÓVISSAN ER NÆRANDI

Þær Vala Kristín Eiríksdóttir og Júlíana Sara Gunnarsdóttir hafa slegið í gegn með grínþáttunum Þær tvær á Stöð 2. Þær segjast vera að upplifa langþráðan draum í nýjum, gefandi og ólíkum hlutverkum.



Fríðrika Hjördis Geirsdóttir
umsjónarkona Lífins | rikka@365.is

Grínþáttaserían Þær tvær á Stöð 2 er hugarfóstur vinkvennanna Völu Kristínar Eiríksdóttur og Júlíönu Söru Gunnarsdóttur en þættirnir hafa gengið vonum framar enda með eindæmum fyndnir. Þær stöllur kynntust í gegnum leiklistarverkefni í Verslunarskólanum og fundu þar strax að þar hefði þúkin hitt ömmu sína, ef þannig má að orði komast.

„Okkur hafði báðum alltaf fundist hin svo skemmtileg og lengi langað að gera eitthvað saman. Í upphafi langaði okkur að búa til hálfgerða uppistandssýningu og byrjuðum að skrifa niður hugmyndir út frá því formi. Þegar við erum komnar vel á veg með það kemur Ási, kærasti, nei ég meina eiginmaður og meira að segja tilvonandi barnsfaðir Júlíönu, með góða hugmynd,“ segir Vala hlæjandi. Ási og Júlíana eru nefnilega nýgift og eiginmaður því frekar við hæfi. „Hann benti okkur á að það væri mikill vilji í sjónvarpsheiminum til að framleiða nýtt íslenskt efni. Það var þá sem við leitum til Stöðvar 2 og okkur var tekið opnum örmum,“ segir Vala. „Þannig að þetta er í rauninni allt Ása að þakka og í raun ástæðan fyrir því að ég giftist honum,“ segir Júlíana hlæjandi.

Ýkt útgáfa

Önnur serían af Þeim tveimur er í startholunum og eru þær stöllur farnar að huga að henni þrátt fyrir

„Ég áttaði mig á því þegar ég kom heim frá London að maður þyrfti í rauninni að búa sér til verkefni til þess að hlutirnir byrjuðu að rúlla.“

að hún fari ekki í sýningu fyrr en þarnæsta haust. „Við förum á fullt í það að skrifa þegar þessi er komin úr barneignarleyfi,“ segir Vala og bendir á Júlíönu. „Við erum svo sem strax byrjaðar og búnar að leggja til hugmyndir sem við höfum fengið og komust ekki fyrir í fyrstu seríu. Við erum svo sem alltaf í vinnunni og sífellt að fá nýjar hugmyndir.“

Aðspurðar hvaðan þær fá hugmyndir að verkum sínum segja þær að hugmyndirnar komi alls staðar að og frá ólíklegustu stöðum. „Hugmyndirnar koma frá hinu hversdagslega lífi en við erum ekki að endurleika manneskjur heldur er þetta frekar ýkt útgáfa af aðstæðum og karaktereinkennum úr umhverfinu. Hugmynda-vinnan fer fram þannig að við veltum því kannski fyrir okkur hvernig til dæmis manneskjan sem er alltaf að myndi bregðast við í þessum og hinum aðstæðum. Hvað væri það besta og versta sem viðkomandi karakter myndi lenda í,“ segja þær tvær.

„Hugmyndin breytist í sífellu frá því að hún kemur á blað og þar til hún fer í upptöku, þá bætast við til dæmis svipbrigði, umhverfi og klæðnaður,“ segir Júlíana. „Eins og til dæmis karakterar systranna Gróu og Ágústu, sem klæðast hvítum rúllukragapeysum með þykk gleraugu, þeir voru aldrei skrifaðir á blað heldur komu karakterarnir fram í hreinum spuna, sumt gerist bara í upptökunum sjálfum,“ segir Vala.

Upplifir drauminn

Júlíana kynntist leiklistinni sem fyrr segir í Verslunarskólanum og stefndi strax á nám í listinni að lokinni útskrift. „Mig hefur alltaf langað til að verða leikkona en eftir að ég tók þátt í leiklistinni í Versló þá gat ég ekki ímyndað mér að gera nokkuð annað í lífinu. Við Ási förum út til Bretlands í prufur og komumst inn í Rose Bruford-leiklistarskólann sem ég svo útskrifaðist úr fyrir tveimur árum. Frá útskrift hef ég aðallega verið í leikstjórnarverkefnum á auglýsingum og slíku, þannig að þessi þáttargerð er það stærsta sem ég hef gert hingað til.“

Júlíana og Ási, Ásgrímur Geir Logason, gengu nýverið í það heilaga og eiga von á litlum dreng núna í ágúst. „Ég vissi hver Ási var úr Versló en hann er tveimur árum eldri en ég, við kynntumst þó ekki fyrr en hann útskrifaðist og höfum verið saman síðan,“ segir Júlíana. Aðspurð hverjir draumar hennar séu segist hún í rauninni vera að upplifa þá í dag. „Það eru forréttindi að fá að vinna við það sem maður elskar, með

manneskju sem maður elskar," segir hún og hlær. „Nei, í alvöru, ég er mjög hamingjusöm með þetta allt saman.“

Leiklist eða læknisfræði

Eftir stúdentspróf úr Verslunar-skólanum stóð Vala frammi fyrir tveimur valkostum, læknisfræði eða leiklist, og ákvað að taka sér ársfrí til þess að búa sig undir hvort tveggja. „Það stóð til að taka bæði inntökuprófin og sjá hvert það myndi leiða mig. Á þessum tíma var mér boðin vinna í Borgarleikhúsinu sem barnapía fyrir krakkastóðið í Galdrakarlinum í Oz. Þar kynntist ég innviðum leikhússins og þá varð ég sannfærð um að það væri leiklistin en ekki læknisfræðin sem biði mín og ákvað að einbeita mér alfarið að henni," segir hún.

Vala flaug í gegnum inntökuprófið í leiklistardeild Listaháskólans og útskrifaðist þaðan síðastliðið vor. Hún heldur sig þó ekki fjarri fyrri heimaslóðum því hennar biða verkefni innan Borgarleikhússins á ný, þó ekki sem barnapía.

„Ég verð í þremur verkum næsta vetur. Fyrsta verkefnið mitt er í leikriti sem heitir At og er mjög töff leikrit, svo er líklegt að ég fari í einhverja barnasýningu og svo tek ég að mér hlutverk í söngleiknum Mamma mia. Þar mun ég leika aðra af bestu vinkonum aðalleikkonunnar," segir Vala, sem svo sannarlega er að upplifa sinn draum. „Ég hlakka mikið til að sýna Mamma mia en verkið verður sýnt í febrúar þegar það er ískalt á Íslandi en þarna verðum við í leikriti sem gerist á hitabeltiseyju og öll búin að fara í brúku-


meðferð og einkaþjálfun," segir Vala hlæjandi.

Þrífast á óvissu


Það er þó nokkur framtíðaróvissa fólgin í því að velja sér leiklistina sem ævistarf og segjast þær í raun þrífast á óvissunni. „Nýir kaflar opnast alltaf eftir að aðrir lokast og er þetta undir okkur komið hvernig framtíðin ræðst," segir Vala. „Ég áttaði mig á því þegar ég kom heim frá London að maður þyrfti í rauninni að búa sér til verkefni til þess að hlutirnir byrjuðu að rúlla og það er svo gaman að sjá uppskeruna þegar maður hefur lagt mikið í einhver verkefni eins og þær tvær," segir Júlíana.

Þessa dagana bíður Júlíana spennu eftir nýju hlutverki sem foreldri og Vala eyðir stærstum hluta af sínum tíma á Snæfellsnesi, nánar tiltekið á Rífi. „Ég ákvað að vera alveg í fríi í sumar og sjá hvað myndi gerast. Það varð úr að ég fór með spunahópnum mínum á stað sem heitir Frystiklefinn á Rífi, þetta er gamalt frystihús þar sem Kári Viðarsson ræður húsum. Hann byrjaði að setja upp leiksýningar í þessu rými og bjó smám saman til leikhús, sem í dag er einnig gistiheimili. Mér fannst þetta svo geggjáður staður að ég spurði hann hvort ég mætti koma þarna og vinna launalaust. Þarna fæ ég vinnurými, mat, gistingu og innblástur til að skrifa. Ég mæli með því við alla að kíkja við því þarna er dagleg dagsskrá með ýmsum viðburðum," segir Vala. Lífið og leikurinn blasir við vinkonunum og verður fróðlegt að sjá upp á hverju þær taka næst. Það mun þó án efa kítla hláturtaugar landans og hleypa ferskum vindum inn í íslenskt grín.

MYNDAALBÚMIÐ



Júlíana og Ási á brúðkaupsdaginn fyrr í sumar. Vala Kristín hefur komið sér vel fyrir í Frystiklefinum á Rífi í sumar. Til hægri má sjá þær tvær í upptökum fyrir þættina.



Sumarhátíð



Stefnumót við Múlatorg

Markaðs og sumarstemning við Fossheiði og Eyraveg á Selfossi 18. - 19. júlí frá kl. 12-17

- Markaður • Notað og nýtt • Handverk • Grænmeti • Plöntur • Skottssala
- Ljósmyndasýning Páls Jökuls Péturssonar að Fossheiði 1, Selfossi
- Uppákomur • Gróðursýning • Tónlistaratriði

Hefur þú eitthvað að kynna eða selja?

Bjóðum fyrirtækjum, listamönnum, handverksfólki og þeim sem vilja selja úr skottinu að slást í hópinn með okkur og koma að selja varning sinn.

Hafið samband við Auði í síma 824-0056, netfang audur@rit.is eða Kristínu á netfangið lindin-selfoss@simnet.is



www.rit.is
f sumarhusidoggardurinn

LINDIN

f Verslunin-Lindin-Selfossi



f Fossheiði 5 - Selfossi



ÞETTA ERU BARA NÍU MÁNUÐIR

Að koma barni í þennan blessaða heim getur verið flókið fyrirbæri og ekki á allra færi að taka því létt. Meðgangan er ekki einungis gleðitími því fylgikvillarnir geta oft á tíðum verið yfirsterkari hamingjunni. Flestar konur hafa frá skrautlegum atburðum að segja eftir meðgönguna sem ekki þóttu eins myndir á meðan á þeim stóð.



Nanna Árnadóttir
Íþróttaræðingur

Af einhverjum óskiljanlegum ástæðum virðast fylgikvillar meðgöngu vera endalausir. Það virðist ekki vera nóg að leggja það á konur að búa til barn inni í þeim, láta það vaxa að stærð meðalfótbolta og þurfa svo að fæða það, heldur eru þær flestar minntar á ósköpin á hverjum degi í 40 vikur á einhvern sársaukafullan eða óþægilegan hátt. Jú, jú, vissulega eru til konur sem fara í gegnum heila meðgöngu án þess að finna fyrir svo miklu sem aukinni pissþörf, hafa aldrei litið betur út en þegar þær voru komnar 40 vikur á leið og anda sig svo léttilega í gegnum fæðinguna, en það á ekki við okkur flestar.

Ekki misskilja mig, það er alveg fínt að vera óléttur, stundum. Það er gaman að finna fyrir fyrstu spörkunum, fara í ómskoðun og sjá litla krílið hreyfast og finna fyrir eftirvæntingunni sem fylgir því að stíga sín fyrstu skref í for-eldrahlutverkinu. En þegar manni líður eins og uppblásinni blöðru sem vaggar um á skjaldbökuhraða, grætur vegna þess að makinn sagði að húfan þín væri ljót, getur ekki sofið vegna fótápirrings og getur ekki reimað skóna þína, klætt þig í sokka, legið á bakinu

eða maganum eða kúkað, þá er þolinmæðin oft á þrotum.

Ógleði og uppköst

Ég er ein af þeim sem virðast ná að krækja sér í alls konar fylgikvilla. Byrjaði á því að kasta upp fyrstu 16 vikurnar með meðfylgjandi ógleði. Sumir halda að það sé ekkert mál að vera smá óglatt í þennan tíma – það er rangt. Ímyndið ykkur að vera föst í 16 vikur (og oft lengur) í Herjólfu í brjáluðu veðri á leiðinni heim af Þjóðhátíð, það er ekkert grín. Á þessu ógleðitímabili mínu fór ég í endajaxlatökur, ekki eina, heldur tvær og það með viku millibili. Ég mátti ekki taka bólgueyðandi og var því með mikla verki. Ég þurfti þó samt að sjálfsögðu að kasta upp án þess að geta varla opnað munninn, það var viss kúnt.

Þegar ógleðinni og uppköstunum lauk loksins, þá komin 16 vikur á leið og 6 kílóum léttari en fyrir meðgöngu, fór ég á sínfóniutónleika með kærastanum mínum þar sem var verið að spila tónlistina úr Star Wars. Ég hef aldrei séð Star Wars-myndirnar og langar ekkert sérstaklega að sjá þær en ákvað að skella mér með honum þar sem hann langaði mikið að fara á tónleikana. Um leið og fyrsta lagið,

„Heyrðu, Nanna mín, ég held að þú ættir að skipta um föt. Þú ert alveg eins og mörgæs að aftan!“

upphafssteifið sem flestir kannast við var spilað, fór ég að hágráta og ég hætti ekki að gráta fyrr en lagið var búið. Ég skammaðist mín svo mikið að ég hló mjög hátt inn á milli grátsins og gat ekki annað en roðnað svolítið yfir þessum absúrd aðstæðum.

Þá tók bara annað við

Stuttu eftir að ógleðinni lauk fékk ég svo grindargliðnun. Á meðgöngu slaknar á öllum liðböndum líkamans til þess að gera mjaðmagrindina tilbúna fyrir fæðinguna og sumar konur finna mikið fyrir því með tilheyrandi verkjum. Ég var ein af þeim. Ég fór til sjúkrahjálfa einu sinni í viku, svaf með ristastóran kotta milli fótanna og snúningslak undir mér og gat lítið sem ekkert hreyft mig þangað til barnið fæddist. Þetta tók mjög mikið á mig og mér fannst þetta eigin-



lega verst af öllu á meðgöngunni. Ég gat ekki unnið síðustu tvo mánuðina, gat ekki hreyft mig án þess ég svitnaði og gat bara eiginlega ekki tekið þátt í neinu sem mig langaði til vegna verkja. Ég minnst þess oft þegar ég var að gera mig til fyrir einhverja veislu og var komin í fínan svartan kjól og síða hvíta gollu og spurði kærastann minn hvernig ég liti út. „Þú ert glæsileg ástin mín.“ Jæja, það var nú ágætt þar sem fataúrvalið rýrnar ansi mikið eftir því sem bumban stækkar. Svo sneri ég mér við og vaggði á minn eigin hátt í burtu.

Þá stoppaði hann mig og sagði: „Heyrðu, Nanna mín, ég held að þú ættir að skipta um föt. Þú ert alveg eins og mörgæs að aftan!“ Þessi grein mín er ekki hefðbundin grein lítils íþróttarálfs en ég skrifa hana vegna þess að það eru margar óléttar konur í kringum mig og alltaf er eitthvað sem amar að. Ég vildi bara minna allar óléttar konur á að eftir meðgöngu, þá gleymist þetta allt, þú tekur við nýju ábyrgðarhlutverki og lífið snarþreytist á einni nóttu. Svo er meðganga oftast bara einn stór brandari, svona eftir á.

ÚTSALAN HAFIN

Verð að komast á útsöluna í **Soho**

50-70% afsláttur af fatnaði

50% afsláttur af skarti klútum og töskum

2 fyrir 1 af standard bolum, toppum og yogabuxum

Allur aðhaldsfatnaður **2.000 kr.**

SOHO MARKET

Grensásvegi 8 - Sími 553 7300

Opíð mánudaga - föstudaga 12-18

laugardaga 12-16

SOHOMARKET Á FACEBOOK



GÓMSÆTAR GRILLAÐAR FÍKJUR MEÐ KARAMELLU AÐ HÆTTI EYÞÓRS

Nú hljóta allir að vera komnir í mikið grillstuð þrátt fyrir að sólin og sumarið láti á sér standa.



Grillaðar fikjur með lime-karamellu, fetaosti og rist-uðum pistasíum

8 stk. fikjur
Smá ólífuolíu
½ blokk fetaostur
½ búnt kerfill
4 msk. ristaðar pistasíur, saxaðar (bakaðar í 25 mín. á 150 gráðum)
1½ msk. lime-karamellusósa
lime-börkur
Smá sjávarsalt
Svartur pipar

Skerið fikjurnar í tvennt og berið ólífuolíu létt yfir sárið. Grillið með sárið niður í 2-3 mín. og snúið við og grillið í 1 mín. í við-

bót. Setjið fikjurnar á disk og látið karamellusósuna yfir, mylj-ið fetaostinn yfir fikjurnar og stráðið yfir rist-uðum pistasíum og kóríanderlaufum og kryddið með nýmöluðum svörtum pipar.

Lime-karamellusósa
200 g sykur
100 ml vatn
50 g smjör
Safi og rifinn borkur af 1 lime
1 stk. vanillustöng, fræin skaf-in úr

Brúnið sykur á pönnu og leysið upp með vatninu. Þegar sykurinn hefur leyst upp bætið þið smjörinu og vanillustönginni út í og sjóðið saman í 5-10 mín. við miðlungshita, eða þar til sósan er nógu þykk til að þekja bakhlið á skeið. Bætið við lime-safanum og berkinum og hrærið saman við. Sigið og látið svo kólna.

AUGLÝSING: HÁR OG SMINK KYNNIR



VIRKKNIN KEMUR ÚR NÁTTÚRUNNI

Hárvörurnar frá ítalska framleiðandanum Framasi eru þekktar fyrir gæði en þær innihalda ýmis náttúruleg efni sem eru þekkt fyrir öfluga virkni. Hjónin Svala Ólafsdóttir og Helgi Loftsson hafa verið með umboðið fyrir vörurnar í fimmtán ár en þær fást einungis á hárgreiðslustofum.

Hjónin Svala Ólafsdóttir og Helgi Loftsson hafa starfað við hárgreiðslu í 30 ár. Þau reka heildsöluna Hár og smink og samnefnda hárgreiðslustofu að Hlíðarsmára 17 í Kópavogi. Þau hafa verið umboðsaðilar fyrir ítölsku hárvörurnar Framasi síðastliðin 15 ár en fyrirtækið, sem hefur starfað í 70 ár, er með höfuðstöðvar í Mílanó. Það stendur framarlega í hárgreiðslugeiranum og er í samstarfi við mörg af helstu hönnunarfyrirtækjunum í borginni.

Hjá Framasi er lögð áhersla

á náttúruleg efni og reynt eftir fremsta megni að forðast ofnæmisvaldandi efni sem er mikilvægt fyrir jafnt fagfólk sem neytendur. Þá leggur fyrirtækið mikla fjármuni í rannsóknir og þróun og vinnur í nánú samstarfi við bæði ítalskar og bandarískar stofnanir á heilbrigðissviði. Vörurnar styðja að sögn Svölu vel við vinnu fagfólks og eru einungis fánlegar á hárgreiðslustofum.

Framasi framleiðir ólíkar vörulínur fyrir mismunandi hárgerðir. Densifying-línan eða hárlóslínan inniheldur meðal ann-

ars eplastofnfrumur sem eru að sögn Svölu það nýjasta í hárbansanum í dag en þær byggja upp og endurnýja hárið. Þá inniheldur Sublims Oil-línan arganolíu sem er mjög rakagefandi svo dæmi séu nefnd, en meðfylgjandi eru nánari upplýsingar um hverja línu fyrir sig. Meðal helstu innihaldsefna í vörunum eru bláber, granatepli, sítróna, appelsína, arganolía, sólblómaolía og kórallþörungur í bland við vítamín og steinefni en öll hafa þau gefið góða raun í snyrtivörugeiranum um langt skeið.



Svala segir vörurnar frá Framasi styðja vel við vinnu fagfólks en þær eru bara fánlegar á hárgreiðslustofum. MYND/ ANDRI MARÍNÓ



Morphosis Densifying-línan frá Framasi er fyrir viðkvæmt og fínt hár. Hún örvar hárvöxt, virkjar blóðrásina, stuðlar að þykkara hári og styrkir hársekkina og hárstráin. Hún inniheldur stofnfrumur úr eplum sem hefur verið sýnt fram á að stuðla að endurnýjun og fresta merkjum öldrunar í húð og hári.



Morphosis repair-línan er fyrir skemmt hár. Hún gerir við, mýkir og gefur mikinn raka. Hún losar um flækjur og verndar hárið. Hún inniheldur meðal annars sólblómaolíu sem er auðug af ómega-6 sem gerir við skemmt hár.



Morphosis Sublims Oil-línan er fyrir þurrt hár. Hún endurheimtir fegurð hársins, kemur í veg fyrir skemmdir af völdum ofþornunar, nærir og vinnur gegn öldrun. Línan inniheldur arganolíu sem er rík af ómega-3, ómega-6 og E-vítamíni og er mikið notuð í snyrtivöruiðnaðinum til að yta undir æskuljóma. Hún verndar, mýkir og gefur mikinn glans.



Morphosis Destress-línan er fyrir viðkvæman hársvörð. Hún róar hársvörðinn og er rakagefandi. Hún léttir á óþægindum og sefar. Hún inniheldur meðal annars granateplapykkni og vínberjafræ.



Morphosis color Protect-línan er fyrir þá sem vilja vernda litað hár. Hún gerir litinn endingarbetri og viðheldur gljáa og mýkt. Hún verndar líka fyrir UV-geislum sólar og hita. Hún inniheldur meðal annars kóralla, sem hefur verið sýnt fram á að hafi verndandi áhrif, og E-vítamín.

Pinterest



Eldað í útilegunni
pinterest.com/recipe4love/camping-ideas

Það að fara í útilegu þarf ekki að þýða að pulsir og hamborgarar verði í öll mál heldur má elda glæsilegar kræsingar úti í náttúrunni. Hér má finna endalaust af sniðugum uppskriftum að mat sem má auðveldlega elda yfir varðeldi eða á grillinu. Bæði eru hér uppskriftir frá þekktum kokkum sem og reyndum ferðalöngum. Nú er bara að glósa hjá sér og spreyta sig yfir loganum.

facebook



Leitin að tjaldsvæði
facebook.com/tjalda.is

Það má tjalda víða um Ísland en tjaldsvæðin eru misvel búin. Á þessari vefsíðu er búið að taka saman öll tjaldsvæði og skrá aðstöðuna þar. Einnig má þar finna ábendingar um bæjarhátíðir og sjá myndskleið af tjaldsvæðunum. Ef þú ert á leið í útilegu er um að gera að fylgjast með þessari síðu.

Instagram



Sumarlegt tískublogg
instagram.com/angelicablick

Angelica Blick er óskaplega fríður og fagurlimaður sænskur bloggari og hönnuður. Hún ferðast heimshorna á milli og tekur líflegar og skemmtilegar myndir. Angelica hefur einnig smekk fyrir góðum mat og nýtur þess að vera með vinum sínum, sem eru hreint allir líka fallegir. Þetta er sumarleg Instagram-síða sem hleypir smá yl og sól í hið hefðbundna íslenska sumarfrí.

MEÐ STÆL Á TJALDSVÆÐINU COOL-CAMPING-GEAR.COM

Langar þig í risasvefnpoka sem rúmar foreldra og eitt barn? Eða jafnvel tjald sem lítur út eins og bíll eða melóna? Hér eru heimsins sniðugustu græjur fyrir útileguna, hvort sem það er frumlegt tjald, varðeldur í regnbogalitunum, gegnsætt kúlutjald eða handhæg aparóla, allt milli himins og jarðar má finna hér. Nú er bara að passa að fara ekki yfir heimildina á krftarkortinu því hér er hægt að missa sig.





Módel: Kristjana Dögg Jónsdóttir
Sölgjeraugu: Ray-Ban

Á LEIÐ TIL ÚTLANDA

Optical Studio

FRÍHÖFN LEIFSSTÖÐ



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

smáauglýsingar

smaar@frettabladid.is / visir.is

FRÉTTABLAÐIÐ

512 5000

Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opin allra virka daga frá 9-17

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

BÍLAR & FARARTÆKI

bilaborg.is
Sími 517-1111



M.BENZ ML 63 AMG. Árgærd 2008, ekin 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.990.000. Rnr.134023. Mikil græja 504 Hö. Er á staðnum



TOYOTA Land cruiser 100 diesel. Árgærd 2002, ekin 249 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.133790. Er á staðnum



FORD F350 crew 4x4 44" breyttur. Árgærd 2005, ekin 146 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.290.000. Rnr.133961. er á staðnum



PALAMINO Bronco 600. Árgærd 2006, ekin 1 P.KM, bensín, 5 gírar. verð 590 þús. Parfnast aðhlynnngar. Verð áður 890 þús



PORSCHE 911 Carrera 4. Árgærd 2001, ekin 69 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 5.490.000. Rnr.133586. Glæsilegur bíll. er á staðnum.

Bilaborg
Stórhöfða 26, 112 Reykjavík
Sími: 517 1111
<http://www.bilaborg.is>



SKODA Superb ambition 170 hö 4x4. Árgærd 2014, ekin 38 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.290.000. Rnr.230503 Hafð samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



VW Jetta highline. Árgærd 2012, ekin 66 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.890.000. Rnr.193294 Hafð samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



NISSAN Qashqai se. Árgærd 2014, ekin 32 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000. Rnr.155846 Hafð samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is



MMC Lancer evolution vi. Árgærd 1999, ekin 90 P.KM, bensín, 5 gírar. Ný uppgerður mótör fyrir 10 þkm það eru til reikningar fyrir breytingum c.a 3 milj.Pjónustasaga frá upphafi Verð 2.400.000. Rnr.155440 Hafð samband varðandi hugsanleg skipti.Bilabankinn S. 5880700 www.bilabankinn.is

Bilabankinn
Eirhöfði 11, 110 Reykjavík
Sími: 588 0700
Opð á laugardögum 12-16
www.bilabankinn.is



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðð 154.900.- kr.

SUZUKI UMBODIÐ ehf
Skeifunni 17, 108 Reykjavík
Sími: 565-1725
suzuki@suzuki.is
Suzuki.is / suzukisport.is



Kia cee'd GT. Árgærd 2014, ekin 3 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.990.000. Rnr.210613. 7 ára verksmiðjuábyrgð.



HONDA Accord. Árgærd 2013, ekin 30 P.KM, bensín, 6 gírar. Verð 3.390.000. Rnr.161391.



AUDI A4 limousine. Árgærd 2012, ekin 58 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.390.000. Rnr.240645.



NISSAN Qashqai. Árgærd 2007, ekin 85 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.290.000. Rnr.141577.

ASKJA notaðir bílar
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 590 2160
www.notadir.is



KLÁR Í SKORRADALINN
TOMADOO 530 open nýr bátur með nýjum mercury 60hó mótör innbyggður 50 l tankur æðislegur skemmti / veiðibátur jafnt á sjó sem vatni (tvöföld skel)góð kerra með og yfirbreyðsla fylgir Verð 3.980.000. skoðar öll skipti Rnr.138451. Afhendist hvert á land sem er s. 6952015

Bill.is
Sími: 577 3777
www.bill.is



MERCEDES-BENZ B 180 cdi. Árgærd 2012, ekin 19 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.290.000.



MERCEDES-BENZ M ml 420 cdi 4matic 420/450 (128). Árgærd 2007, ekin 125 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.890.000.



VW Passat r36. Árgærd 2009, ekin 98 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.190.000.



VW Golf Bluemotion. Árgærd 2012, ekin 37 P.KM, dísel, 5 gírar. Verð 2.590.000.

MB Bílar
Kletthálsi 1a, 110 Reykjavík
Sími: 415 1150
Opð 10-18, lau 12-16
<http://www.mbbilar.is>



Óskum eftir bílum á staðinn.
Mikil sala.



VOLVO XC90 Executive d5. Árg 03/08, ek 82 P.KM, dísel, sjálfskiptur,leður,sóllúga og fl.. Verð 5.380.000. Rnr.157452.Er á staðnum.

Stóra bílasalan
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík
Sími: 5861414
<http://www.stora.is>



SKODA Octavia ambiente combi 4x4. Árgærd 2012, ekin 66 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 3.950.000.TILBOÐ 3.690.000.- Rnr.286751.



DODGE Avenger. Árgærd 2008, ekin 129 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000.TILBOÐ 1.390.000.- Rnr.372874.



TOYOTA Land cruiser 200 vx. Árgærd 2009, ekin 97 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. TILBOÐ 7.290.000.- Rnr.380992.



LEXUS Is250. Árgærd 2009, ekin 73 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. TILBOÐ 3.390.000.- Rnr.372606.



MERCEDES BENZ M ml320 cdi (122). Árgærd 2008, ekin 101 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.790.000.TILBOÐ 4.290.000.- Rnr.381230.



SUBARU Forester lux ii plus. Árgærd 2014, ekin 37 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 5.450.000.TILBOÐ 5.090.000.- Rnr.390115.



M.BENZ E 200 ngt metan. Árgærd 2009, ekin 55 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. TILBOÐ 3.590.000.- Rnr.336116.




SUZUKI Kizashi 4wd. Árgærd 2013, ekin 22 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.990.000.TILBOÐ 3.490.000.- Rnr.371892.



MERCEDES BENZ M ml350. Árgærd 2003, ekin 160 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.690.000.- TILBOÐ 1.290.000. Rnr.410063.

Toppbilar
Kletthálsi 2, 110 Rvk.
Sími: 587 2000
www.toppbilar.is



M.BENZ 313 cdi ADRIATIK 670SP nýskr. 03/2006, ek. 65 P.km, dísel (130hó + tölvukubbur), 5 gíra. Markísa, stór lest, hjólagrind, dráttarkúla ofl. aukahlutir. Verð 9.900.000 kr. Raðnr. 253786

Höfðahöllin
Funahöfða 1, 110 Rvk.
Sími: 567 4840
www.bilo.is

vantar bíla á skrá

BETRI NOTAÐIR BÍLAR

TOYOTA

Við erum sérfræðingar í Toyota

Það er mikil sala á notuðum Toyota bílum og okkur vantar allar gerðir á skrá.

Frábært tækifæri til þess að selja bílinn og fá sér nýjan.

Toyota Kaupþúni
Kaupþúni 6
Sími: 570 5070
info@toyota.is

Opð mán - fös:
07.45 - 18.00
Laugardaga:
12.00 - 16.00

til sölu



LAND ROVER RANGE ROVER EVOQUE PRESTIGE

Höfðabílar, Fossháls 27, 110 RVK
577 4747 www.hofdabilar.is

Árgærd 2012.
Ekin 20 P. KM

Bíllinn er eins og nýr og mjög vel útbúinn. Umboðsbíll.

Verð:
kr. 10.900.000.



NÝR BÍLL



INFINITI Q50 Dísel.
Árgærd 2015,
ekin 0 P.KM,
dísel, 6 gírar.
Verð 6.490.000.
Rnr.212081.

Glæsilegur bíll,skipti skoðuð á ódýrari

Hlíðasmára 2 • 201 Kóp.
S. 588 5300

NETBÍLAR
www.netbilar.is



BMW 325 XI - 7/2007 - ek 104 þkm
- Sportsæti - Professional græjur
- Ljósapakki - Loftpúðar í sætum
með þrengingu - Flottur bíll - Er á
staðnum - Góð heilsársdekk - 4x4
-Tilboðsverðisverð 2990.000. Raðnr
151729

100 bílar ehf
Í miðbæ Mosfellsbæjar, 270
Mosfellsbær
Sími: 517 9999
Opíð 10-18.00 virka daga. Lokað
á laugard.
www.100bilar.is

Bílar óskast

BÍLL ÓSKAST Á 25-250PÚS.
Má þarfnast lagfæringa.
Hringdu S. 615 1815 eða sendu
sms.

0-600 STAÐGREITT
Vantar bíl á verðinu 0-600. Skoðað
allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast
lagfæringar. Sími 776 7507

Sendibílar

Vörubílastöðin Próttur

Vörubílar - Kranabílar
Sandur - Mold
Jarðvinna
Sími 577 5400

Vissir þú að...
holl og góðfæða stuðlar að
líkamlegu heilbrigði sem börn
eiga rétt á.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi



Allar stærðir sendibíla. Nýja
Sendibílastöðin sími 568-5000.

Hópfærðabílar



STRÆTÓ TIL SÖLU.
MAN árg. ,92, 20 í sæti og 42 í staði.
Aðal og hópfærðask. Með góðu
hljóðkerfi. V.1200 þús. Sk.koma til
greina. Uppl. í síma 699 6684

Til sölu 30 manna grindarbíll, Iveco
Travel Skate árg. 2007. Ekinn 299.200
km. Verð kr. 7.000.000. Vinna getur
fylgt á bílinn í sumar. Upplýsingar
veitir Jón Kristinn í síma 692 5058

Vörubílar

**VÖRUBÍLASTÖÐ
HAFNARFJARÐAR**

S. 555 0055
Vörubílar, kranabílar, trailerbílar,
sandur, mold, uppfyllingarefni og
jarðvinna.

Hjólhýsi



Hobby 540 Exclusive árg.'06 Sérlega
vel með farið, pluss áklæði á sætum,
markísa, sólarrella, reiðhjólagrind,
útlarp og sjónvarpsloftnet Verð 2.5
millj. Uppl. í s. 8991055

Fellihýsi

Umboðssala
á notuðum
tjaldvögnum
fellohýsum
húsbílum
hjólhýsum

Risasýningarsvæði
á Korputorgi

Korputorg í 112 Reykjavík
Sími 551 5600 / útleigumadurinn.is

Útleigu
maðurinn

Bátar

MARÁS

TOHATSU
UTANBORDSMÓTORAR

JAPÓNSK
GÆÐI!

Lettir
Fyrirferðalítillir
Hljóðlátir

Kraftmiklir
Sparneytnir
2,5-140 hð

Miðbraun 13 - 210 Garðabær
Sími: 555 6444 - www.maras.is



Jetski til sölu 2005 árg. 215hp S.
8925309 / 7701756

Hjólbarðar



FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ
Ný og notuð dekk í miklu úrvali.
Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S:
567 6700.

ÞJÓNUSTA

Pípulagnir

PÍPULAGNIR
Faglægðir píparar geta bætt við
sig verkefnum í bæði viðhaldi og
nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s.663 5315.

ÁRATUGA REYNSLA
Tökum að okkur almennt viðhald og
breytingar. Pípulagningabjónustan Ró
ehf. s. 780 3939

Hreingerningar

Hreingerningabjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing
Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn
thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir
og vanir menn.

HREINVERK
Teppahreinsun, gluggahreinsun,
rennuhreinsun, flutningsþrif,
húsgagnahreinsun og fl. Uppl. í s. 699
6762 og www.hreinverk.is

VY-PRIF EHF.
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög,
fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662
4010 www.vy.is

Garðyrkja

GARÐLIST 554 1989
Aukin Garðyrkja

**SMÁVÉLAVIÐGERÐIR &
UTANBORDSMÓTORAR**

Viðgerðir Skemmegata 34
Brún gata

SLÁTTUVÉLAPJÓNUSTA
Vélaverkstæði JS
Sími: 554 0661

Smávélaviðgerðir, viðgerðir á
utanbörðsmótorum: Garðsláttuvélur,
sláttuorfl, sláttutraktorar,
jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmiði,
Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar,
einnig úrval af notuðum sláttuvélum.
Vélverk JS S. 554 0661. www.
velaverkjs.is

Túnþökusala Oddsteins

- Lóðabökur
- Holtagröður
- Fótbeltaþökur
- Þökulagning
- Golfvallagrass

Margra ára reynsla
S: 663 6666 / 663 7666
www.tso.is

Ódýr garðsláttur. Halldór Garðykjum.
S:6981215

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og
stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð
á sanngjörnu verði. Bókhald og
þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málarar

Málningarbíónusta - húsamáun, inni
og úti. Uppl. s. 660 7606 og 846 5305.

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA
REYKJAVÍKUR**
Alhliða málningarbíónusta. Fáðu
ástandsskoðun og verðtilboð þér að
kostnaðarlausu. Sími 776-0000

REGNBOGALITIR
Málningarbíónusta, vönduð
vinnubrögð og snyrtimennska. Sími
891 9890 malarar@simnet.is

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl.,
fyrirtækjafl., plánófl. o.fl. Extra stór
bíll. Búslóðalyfta. Flutningabj. Mikael.
S. 894 4560 www.flytja.is flytja@
flytja.is

Nudd

NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur.
Sími 694 7881, Zanna.

Húsaveiðhald

**VANTAR ÞIG
IÐNAÐARMANN?**

IÐNAÐARMENN

Við þjónustum þig með
liti sem stór verk.
Tímavinna eða tilboð.
Sími 544-4444 / 777-3600
www.jaiðnaðarmenn.is

**MARKMIÐ
VERKTAKAR**

**ALHLIÐA
FASTEIGNAVIÐHALD**

Smíðavinna · Pípulagnir
Raflagnir · Málningavinna
Múrviðgerðir · Flísalagnir
Hellulagnir · Jarðvinna
Lóðavinna

Tilboð þér
að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888

Spádómar

SPÁSÍMI 908 7000
Spámiðun, tarot, fyrirbætur, algjör
trúnaður. Opíð til 22.

SÍMASPÁ 555 2927
Draumaráðningar, fyrirbætur. Opíð frá
13 Hanna s. 847 7596

Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.
S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskripti.
Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.
straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG
DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskripti.
Löggiltur rafverktaki. rafneisti@
simnet.is

skemmtanir

BOLTINN Í BEINNI

Cafe Catalina

Hamraborg 11 • 200 Kópavogur • Sími 554 2166 • www.catalina.is

"Best geymda leyndarmál Kópavogs"

STÓRSVEITIN UPPLYFTING

**KRISTJÁN B. SNORRAS, ARI JÓNS,
SIGURÐUR DAGBJARTS,
MAGNÚS STEFÁNS.
SPILA UM HELGINA.**

Allir velkomnir

<http://www.facebook.com/cafecatalina>

Heimilismatur í hádeginu virka daga • Eldhúsið opíð alladaga til kl. 21:00 • Boltatilboð • Snyrtilegur klæðnaður áskilin

40.000

FBL fréttabyrstir
notendur

Smelltu þér á Fréttablaðsappið og lestu
blaðið hvar sem er og hvenær sem er.

Nálgastu appið á visir.is/fbl eða beint í gegnum:

Download on the App Store Download from Windows Store Google play

FRÉTTABLAÐIÐ

KEYPT & SELT

Til sölu

ÁLBAKKAR - LAGERÚTSALA
Stærðir frá 890 ml og 1170 ml.
Lok fylgja með. Langbestu verðin.
Fyrirspurnir berast í síma 861-7375
eða á ctc@ctc.is

Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM
ÚT Á: GULL, DEMANTA,
VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd,
Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl.
Hringdu núna og fáðu tilboð þér
að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is

Opið mán - lau 11-17,
Kringlan - 3. hæð
(Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 661 7000

KAUPUM GULL -
JÓN & ÓSKAR

Kaupum gull til að smíða úr.
Spörum gjaldeyri. Heiðarleg
viðskipti. Aðeins í verslun okkar
Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

Sjónvarp

Sjónvarps/videovíðgerðir. Afsl. til elli/
öryrkja. Sækjum. Lítsýn - Síðumúli 35.
- S. 552 7095.

HEILSA

Nudd



TANTRA NUDD

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með
Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir
pör, konur og karla. 112 Rvk. S.698
8301 www.tantra-temple.com

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan,
opið frá 10-20. Opið á lau. S. 855 3199

TÓMSTUNDIR
& FERÐIR

Hestamennska

Tek stoðhesta í geymslu. Uppl. í s. 482
1019 á kvöldin.

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU AÐEINS Á
AÐEINS 950 KR FM!

129 - 280 fm bíl með allt
að 10 m lofthæð, stórar
innkeryrsluhurðir, góð malbikuð
lóð, og greið aðkoma.

www.lundurfasteignir.is

S. 690 3031 / 661 7000

Geymsluhúsnæði

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m².
Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

SUMARTILBOÐ
GEYMSLULAUSNIR.IS

Verð frá 2900kr.mán Sækjum og
sendum. S: 615-5005

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr
mán. Langtímasamningur í boði. S.
567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og
Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

ATVINNA

Atvinna í boði

115 SECURITY AUGLÝSIR
EFTIR

ÖRYGGISVÖRÐUM Í
VERSLUNARÞJÓNUSTU

Skilyrði:

- Hreint sakavottorð
- Íslenskukunnátta
- 20 ára lágmarksaldur
- Góð þjónustulund.

Umsókn með mynd og ferilskrá
sendist á 115@115.is Nánari
upplýsingar um starfið eru veittar
í síma 5 115 115



KvikkFix getur bætt við sig fólki.
Vantar fólk í smur- og dekk. Einnig
manneskju í móttöku hálfan daginn.
Áhugasamir sendi umsókn á hinrik@nrg.is

VERKAMENN ÓSKAST

Verkamenn óskast við hellulagnir
og garðyrkju. Mikil vinna, góð laun f.
duglega menn. Uppl. í s. 899 1335

Smíðir eða verkamenn vanir
byggingavinnu óskast. Uppl. gefur
Pétur í síma 8652300

Atvinna óskast

VANTAR PIG SMÍÐI,
MÚRARA EÐA
JÁRNABINDINGAMENN?

Höfum á skrá menn sem óska
eftir mikilli vinnu. Geta hafið
störf nú þegar.

Proventus starfsmannþjónusta
- Proventus.is S. 782-8800

TILKYNNINGAR

Einkamál

NUDD.EU

Sjálfstætt starfandi nuddar/
nuddkonur geta auglýst þjónustu sína
frítt hjá Íslendingum.eu. Smelltu á
„Nudd.eu“

ÍSLENDINGAR.EU

Nýr frjálslyndur íslenskur
samskiptavefur. Líftu við!

FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS

gjofsemgefur.is
907 2002



Hjálparstarf
kirkjunnar

atvinna

ATVINNA

AP-Þrif leitar að einstaklingum í vinnu.

Einungis íslensku- eða enskumælandi
einstaklingar koma til greina.

Ákjósanlegur aldur er 20–40 ára.
Gerðar eru kröfur um bílþróf
og hreint sakavottorð.

Umsóknir sendist á
bjarki@ath-thrif.is merkt „Atvinna“



AP-ÞRIF
WWW.ATH-THRIF.IS

Skeiðarási 12
210 Garðabæ



Árbæjarkirkja

Árbæjarsókn auglýsir starf í kærleiks-
þjónustu frá og með 24. ágúst 2015

Starfssvið

- Umsjón og skipulagning með starfi eldri borgara
- Vinaheimsóknir

Þekking og reynsla

- Vera jákvæður, þjónustulundaður og góður í
samskiptum við aldraða
- Skipulagður, vandvirkur og nákvæmur
- Menntun og/eða reynsla sem getur nýst vel í starfi

Nánari upplýsingar gefur Kristín í s. 587-2405 milli kl. 9 – 12.

Umsóknarfrestur er til og með 31. júlí 2015.

Umsókn og ferilskrá sendist á arbaejarkirkja@arbaejarkirkja.is
eða í pósti á Árbæjarkirkja, v/Rofabæ, 110 Reykjavík.

tilkynningar

AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á breytingum eftirfarandi deiliskipulagsáætlana í samræmi við 1.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

- Garðatorg 6, breyting á deiliskipulagi efra svæðis Miðbæjar.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að á efri hæðum hússins sem er 3 hæðir með kjallara verði einnig leyfilegt að hafa íbúðir ásamt skrifstofurýmum.
- Strikið 1-3, breyting á deiliskipulagi Sjálands.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarreitur fjölbýlishúss og aðkoma og fyrirkomulag bílastæðakjallara breytist. Byggingarmagn er óbreytt. Tillagan er nú auglýst að nýju með ítarlegri fylgigögnum.
- Unnargrund, breyting á deiliskipulagi Ása og Grunda.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að byggingarmagn 7 raðhúsa aukist úr 130 m² í 150 m² til jafns við önnur raðhús.
- Holtsvegur 51, breyting á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 16 í 17. Bílastæðum fjölgar á lóð og í bílageymslu.
- Hraungata 13, breyting á deiliskipulagi Vesturhluta Urriðaholts.**
Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða hækki úr 6 í 8. Bílastæðum fjölgar á lóð og í bílageymslu.

Tillögurnar liggja frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 17. júlí 2015 til og með 28. ágúst 2015. Þær eru einnig aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út föstudaginn 28. ágúst 2015.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

Arinbjörn Vilhjálmsson
skipulagsstjóri Garðabæjar



GARÐABÆR
www.gardabaer.is

ráðum
atvinnustofa

Við finnum rétta starfsfólkið
radum.is


Lofthradi.is | Sími 1817

365

Veðurspá

Föstudagur

Norðaustlæg átt, 3-10 m/s, í dag og von á að sólin skíni af og til á Suður- og Vesturlandi, en að mestu skýjað og þurrt annars staðar. Dálítil rigning norðaustan til í kvöld. Hiti 5 til 16 stig, hlýjast suðvestan til.



Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
12°	8°	4°
↙ 8	↙ 7	↓ 6
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
6°	11°	4°
↗ 7	← 5	↓ 8

Sunnudagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9°	3°	3°
↙ 10	↙ 9	↗ 7
Egilsstaðir	Kirkjubæjarkl.	Hveravellir
5°	7°	0°
↗ 8	↙ 6	↓ 7

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. að lokum, 6. hæð, 8. verkur, 9. rúm ábreiða, 11. nafnorð, 12. frétt, 14. skran, 16. ætíð, 17. atvikast, 18. bók-stafur, 20. tveir, 21. eggja.

LÓÐRÉTT

1. helminguð, 3. pot, 4. máski, 5. sjáðu, 7. fiskur, 10. kirna, 13. loft, 15. keppni, 16. er, 19. ónefndur.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. lok, 6. ás, 8. tak, 9. lak, 11. no, 12. fregn, 14. drasl, 16. sl, 17. ske, 18. enn, 20. íl, 21. mana.
LÓÐRÉTT: 1. hálf, 3. ót, 4. kannski, 5. sko, 7. sadfina, 10. ker, 13. gas, 15. leik, 16. sem, 19. nn.

SKÁK

Gunnar Björnsson

Matthieu Cornette hafði hvítt gegn Ilja Zaragatski á alþjóðlegu móti í Þýskalandi fyrr á árinu.

1. Hxa7+! Kxa7 2. Dc7+ Ka6 3. He3! Svartur gafst upp þar sem hann ræður ekki við hótunina 4. Ha3+.

www.skak.is: Íslendingar tefla erlendis.



Hvítur á leik


Myndasögur

PONDUS




Eftir Frode Øverli

GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

FRÉTTABLAÐIÐ ER HELGARBLAÐIÐ



Einar Zeppelin flúði lífshættulega slasaður undan móður sinni fyrir ellefu árum.

Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona sýnir verk sín um alla Kaupmannahöfn og víða um Bandaríkin.

Fréttablaðið heldur áfram umfjöllun sinni um umgengni og aðstöðuleysi á ferðamannastöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ

Ómissandi hluti af góðri helgi

Skaftahlíð 24 | 105 Reykjavík | 512 5000
Auglýsingar 512-5401 | visir.is

SUDOKU

LÉTT

4	1			8	9
	2	3			
	5	4	6	7	
8	3	5	4	1	
		6			
2	7	9	1	3	
1	8			9	4
3	2	1	5	8	6
5	9		7	3	

MÍDLUNGS

7			4		6
3	8	2	1		5
			8	9	1
5			2	6	
		6	4	7	9
4	2	8			3
	4			3	
		5	6		2
9					

PUNG

			1			5
1			5		6	
2	4	7				
	5	9		6	3	
3		5			6	4
	2			3		
3		2	8		1	
	2		4			9
				5	2	8

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

1 9 3 7 2 4 8 5 6	2 4 8 7 5 9 3 6 1	3 1 9 6 4 5 7 2 8
2 8 5 1 9 6 3 4 7	6 3 9 4 8 1 2 7 5	4 8 2 1 7 9 5 3 6
6 4 7 8 5 3 9 2 1	5 1 7 2 6 3 9 8 4	5 6 7 2 3 8 4 9 1
5 2 4 9 6 8 1 7 3	9 8 5 3 4 7 1 2 6	6 7 4 3 5 2 8 1 9
3 6 9 2 7 1 4 8 5	1 6 2 8 9 5 7 4 3	8 5 3 9 1 7 6 4 2
7 1 8 3 4 5 2 6 9	3 7 4 6 1 2 5 9 8	9 2 1 4 8 6 3 5 7
4 7 1 5 8 9 6 3 2	7 9 6 5 3 4 8 1 2	1 9 8 5 6 3 2 7 4
8 3 2 6 1 7 5 9 4	4 2 3 1 7 8 6 5 9	2 3 6 7 9 4 1 8 5
9 5 6 4 3 2 7 1 8	8 5 1 9 2 6 4 3 7	7 4 5 8 2 1 9 6 3

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri nýu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.



HARPA

Miðasala í fullum gangi.

tix.is | harpa.is | 528-5050

Rio

Hugsið ykkur: Nú er hálf öld liðin frá því að Ríó tríóið var stofnað. Tíminn flýgur. Helgi P., Ágúst, Snorri Helgason og Bjössi Thor ásamt hljómsveit undir stjórn Gunnars Þórðarsonar í Hörpu, rifja upp og renna í helstu smelli, í bland við heimspekileg gamanmál af ýmsum toga.

